



Syndir holdsins

Skilgreining, viðbrögð og úrræði við stafrænu kynferðisofbeldi

Hulda Hólmkelsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórnmálafræði

Félagsvísindasvið

Júní 2016

Syndir holdsins

Skilgreining, viðbrögð og úrræði við stafrænu kynferðisofbeldi

Hulda Hólmkelsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði
Leiðbeinandi: Silja Bára Ómarsdóttir

Stjórn málafræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2016

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í stjórn málafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réthafa.

© Hulda Hólmkelsdóttir 2016
290992-2739

Reykjavík, Ísland 2016

Útdráttur

Hefndarklám, eða hrelliklám hefur á síðustu árum sprottið upp í umræðunni. Í þessari ritgerð er notast við hugtakið stafrænt kynferðisofbeldi til að lýsa því. Stafrænt kynferðisofbeldi er þegar kynferðislegt efni, svo sem nektarmyndir eða kynlífsmyndbönd, fer í dreifingu um netið án samþykkis myndefnisins. Um er að ræða nýjan anga kynferðisofbeldis sem lögregla virðist vera máttlaus gagnvart og stjórnvöld sýna lítinn áhuga. Hugmyndir um karlmennsku, kynfrelsi, kynslóðarbil netnotenda og baráttu kvenna fyrir jöfnum réttindum mynda kenningaramma ritgerðarinnar. Því næst er stafrænt kynferðisofbeldi skilgreint, litið er á samfélagslegar og persónulegar afleiðingar slíks ofbeldis og það sett í lagalegt samhengi. Að lokum er litið á internetið, og hvort það sé öruggur vettvangur fyrir konur. Niðurstaðan er sú að samfélagslegar afleiðingar stafræns kynferðisofbeldis eru gífurlegar, en þó ekki öllum ljósar og að stjórnvöld ættu að líta slíkt ofbeldi alvarlegum augum. Umræða um stafrænt kynferðisofbeldi er mjög kynjuð og druslusmánun og þolendastimplun yfirgnæfa umræðuna.

Formáli

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu frá stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Ritgerðin gildir 12 einingar (ECTS) af 120 eininga námi í stjórnmálafræði og 60 eininga námi í ensku. Leiðbeinandi var Silja Bára Ómarsdóttir og vil ég þakka henni sérstaklega fyrir innblástur, hvatningu og góða leiðsögn. Titill ritgerðarinnar er tilvísun í söngleikinn *Hárið*. Að lokum vil ég tileinka ritgerðina minningu Tinnu Ingólfssdóttur og öllum öðrum þolendum stafræns kynferðisofbeldis.

EFNISYFIRLIT

1	Inngangur.....	4
2	Fræðilegur bakgrunnur.....	5
2.1	Þrjár til fjórar bylgjur femínisma	5
2.2	Kynfrelsi og tilraunir til takmörkunar á kynfrelsi kvenna	7
2.3	Skaðleg karlmennska og kynbundið ofbeldi	8
2.4	Druslusmánun og þolendastimplun	10
2.5	Innfæddir netverjar og aðfluttir netverjar.....	13
2.6	Samantekt.....	14
3	Hið stafræna kynferðisofbeldi	15
3.1	Ný tegund ofbeldis?.....	16
3.2	Sexting	18
3.3	Með lögum skal land byggja.....	21
4	Internetið, internetfrelsi og internetsjálfi	24
4.1	Reddit og Ellen Pao	26
4.2	„Er einhver til?“ og aðrar sögur	26
5	Hvað er til ráða?.....	28
6	Umræður	31
7	Lokaorð.....	33
8	Heimildaskrá	34

1 Inngangur

Sameinuðu þjóðirnar hafa lýst því yfir að ofbeldi gegn konum og stúlkum á netinu sé kerfisbundið samfélagsvandamál sem þarf að takast á við.¹ Í þessari ritgerð verður einblínt á eina tegund netofbeldis, dreifingu kynferðislegs myndefnis. Notast verður við hugtakið *stafrænt kynferðisofbeldi* til að lýsa fyrirbærinu og er hugtakanotkunin rökstudd seinna í ritgerðinni. Birting kynferðislegra mynda eða myndbanda í óþökk myndefnisins er engin nýjung, heldur hefur hún líklega verið stunduð í einhverri mynd frá uppgötvun myndavélarinnar á 19. öld.² Með tilkomu internetsins hafa slíkar myndbirtingar hins vegar tekið stakkaskiptum. Bæði er nú auðveldara fyrir gerendur að dreifa efni og erfiðara fyrir þolendur að fá því eytt.³ Leitast verður eftir að útskýra hvers vegna stafrænt kynferðisofbeldi er málefni sem snertir almannahagsmuni og ætti að vera ofarlega á baugi hjá yfirvöldum. Þá verður farið yfir vankanta þeirrar orðræðu sem snýr að málefninu. Einnig verður litið á internetið sem samskipta- og ofbeldisvettvang. Að lokum verður stuttlega farið yfir á lagasetningu í þessum málaflokki, en nokkuð ljóst er að það er næsta skrefið bæði hér á landi og erlendis. Rétt er að taka fram að þó hér sé talað um tvö kyn er það einungis einfölduð birtingarmynd á flóknara kynjakerfi. Þar sem um tiltölulega stutta ritgerð er að ræða verður ekki farið yfir kynbundið ofbeldi gegn fleiri kynjum.

Ritgerð þessi er heimildaritgerð og þess vegna er stuðst við fyrirliggjandi gögn. Ég ákvað að skrifa um efni þessarar ritgerðar vegna þess að þetta er málefni sem hefur snert líf mitt og vina minna. Mér finnst vera skortur á því að ungt fólk skrifi um stafrænt kynferðisofbeldi, afleiðingar þess og hvað er hægt að gera í því, vegna þess að um er að ræða ofbeldi sem nánast eingöngu ungt fólk verður fyrir. Ég tel einnig að viðhorf yngri kynslóða til kláms, kynferðislegs efnis og *sexting* sé ólíkt viðhorfi eldri kynslóða sem fara nú með stjórnvöld og hafa stýrt orðræðunni um stafrænt kynferðisofbeldi. Ég er meðvituð um að ég er lituð af eigin reynslu og umhverfi en reyni eftir bestu getu að gæta hlutleysis. Í kaflanum „Hvað er til ráða?“ mun ég þó fara yfir það sem ég hef rekið mig á sjálf í umræðu um stafrænt ofbeldi og hvað ég tel að sé mikilvægt að hafa í huga fyrir þá sem ætla að veita málaflokknum athygli, hvort sem það er í gegnum fræðslu, lagasetningu eða annað.

¹ UN Broadband commission, *Cyber violence against women and girls: a world-wide wake-up call* (UN broadband commission, 2015), 5.

² Samantha H. Scheller, „A Picture is worth a thousand words: the legal implications of revenge porn,“ *North Carolina Law Review* 93.2 (2014-2015): 556.

³ Sama heimild, 557-558.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Lítið er til af fræðilegum textum um stafrænt kynferðisofbeldi og afleiðingar þess. Töluvert hefur þó verið skrifað um *sexting* sem sérstakt fyrirbæri og þróun þess í samfélaginu. Þar sem um er að ræða ákveðna tegund kynferðisofbeldis er eðlilegt að líta á fyrirbærið sem slíkt og líta til kenninga og skrifa um kynferðisofbeldi. Fyrst verður örsnöggt farið yfir sögu femínisma og hvað einkennir hverja bylgju hans. Litið verður á kenningar um stefnumótun, karlmennsku, valdabaráttu kynjanna, kynslóðamun við netnotkun, hlutgervingu og kynferðisofbeldi. Allt hefur þetta erindi við efnið, sem er afurð ýmissa samfélagsþátta.

2.1 Þrjár til fjórar bylgjur femínisma

Femínismi er hugmyndafræðilegur grunnur baráttunnar fyrir auknum réttindum kvenna og jafnrétti kynjanna.⁴ Yfirleitt er talað um þrjár meginbylgjur femínisma. Sú fyrsta er talin hafa byrjað með baráttu kvenna fyrir kosningarétti og þátttöku í stjórnámálum í lok nítjándu aldar og byrjun þeirrar tuttugustu. Önnur bylgjan er talin hafa átt sér stað á bilinu 1960-1980 og hafi snúist um frelsun kvenna undan kúgun feðraveldis. Málefnum kvenna var komið á dagskrá stjórnvalda með hugmyndinni um að „hið persónulega sé pólitískt.“ Bent var á vankanta kynjakerfisins og ósanngirni þess að konur gæfu drauma sína upp á bátinn til að gerast heimavinnandi húsmæður. Stöðluðum hugmyndum um fegurð var mótmælt, sem og hlutgervingu kvenna.⁵ Þriðja bylgjan tók við á árunum 1990-2010 og hélt áfram að berjast gegn kerfisbundinni mismunun. Þriðja bylgjan gagnrýndi aðra bylgjuna fyrir að byggja á reynsluheimi einsleits hóps kvenna, hvítra millistéttarkvenna. Þriðja bylgjan reyndi einnig að endurheimta orð sem höfðu verið notuð í niðrandi merkingu um konur, til dæmis „kunta,“ „tík“ og „drusla.“ Þriðja bylgjan hóf umræðu um karlmennsku, kynlíf, fóstureyðingar, réttindi hinsegin fólks, kynferðislega áreitni og konur í tónlist meðal annars.⁶ Þessar þrjár bylgjur eru almennt viðurkenndar af kynjafræðingum og femínistum. Ekki eru allir á sama máli um hvort að fjórða bylgjan sé hafin en margir telja þó að svo sé og að ungir femínistar sem eru vel læsir á tækni og kynjafræði séu kveikjan að henni. Þær notfæra sér internetið til að knýja fram breytingar.⁷ Gott dæmi um slíkt er *Free The Nipple* herferðin sem náði hápunkti á Íslandi í lok

⁴ Owen M. Fiss, „What is Feminism?“ *Yale Law School Faculty Scholarship Series* (1994):413

⁵ April Kalogeropoulos Householder, „Girls, Grrrls, Girls“ í *Feminist Theory and Pop Culture*, ritsti Adrienne Trier-Bieniek, (Rotterdam: Sense Publishers, 2015), 20

⁶ Sama heimild, bls 21

⁷ April Kalogeropoulos Householder, „Girls, Grrrls, Girls“ í *Feminist Theory and Pop Culture*, ritsti Adrienne Trier-Bieniek, (Rotterdam: Sense Publishers, 2015), 21.

mars 2015.⁸ Hingað til virðist fjórða bylgja femínisma vera mjög einstaklingsmiðuð þar sem ekki er hugsað um konur sem einsleita heild, heldur er áherslan á að konur fái að vera og haga sér eins og þær vilja.⁹

Samkvæmt kynjafræði er hið persónulega skilgreint sem fjölskylda og heimili, en hið opinbera sem stjórnsmál, fjármál og önnur samfélagsmál. Hið persónulega er yfirleitt talið vera frekar kvenlegt, og gjarnan tengt við konur og börn. Hið opinbera er aftur á móti tengt við karlmennsku því þar hafa karlmenn haft yfirhöndina. Þetta leiðir til þess að kvenleiki hefur verið tengdur við hið persónulega á meðan karlmennska hefur tengingar við hið opinbera. Þetta auðveldar karlmönnum að taka sér pláss í hinu opinbera, á meðan stúlkur og konur eiga ekki jafn auðvelt með það.¹⁰ Lengi vel hafa málefni kvenna ekki verið tekin alvarlega innan samfélagsins. Yfirleitt eru slík mál bæld niður með því að gefa í skyn að um persónuleg vandamál einstakra kvenna sé að ræða.¹¹ Þetta er hins vegar ekki einungis gert með málefni kvenna heldur er um að ræða algengt stef í stefnumótun og stjórnámálum almennt þegar kemur að því að ákveða hvort málefni komist á dagskrá eða ekki.¹² Persónuleg vandamál eru erfiðleikar sem einstaklingur upplifir og þarf sjálfur að vinna úr. Opinber vandamál eru kerfisbundnir erfiðleikar eða mótlæti sem hafa áhrif á marga einstaklinga vegna þess hve yfirgripsmikil þau eru í samfélaginu. Persónulegir erfiðleikar geta orðið að opinberum vandamálum ef í ljós kemur að margir einstaklingar glíma við svipaða erfiðleika sem hægt er að rekja til sama samfélagslega vandamáls.¹³ Gagnrýni um að málefni kvenna séu persónuleg vandamál hafa femínistar svarað með frægum orðum Carol Hanisch frá 1969: „hið persónulega er pólitískt.“¹⁴ Femínistar komu auga á og vöktu athygli á að mörg persónuleg vandamál kvenna voru í raun opinber vandamál sem væru gríðarlega algeng meðal kvenna. Ef það kemur í ljós að persónuleg vandamál séu útbreidd og megi rekja til samfélagsgerðar eru þau ekki lengur persónuleg. Þá eru þau orðin opinber vandamál sem er ekki hægt að ætlast til að einstaklingar leysi sjálfir, heldur þarf samfélagið að bregðast við. Meðal þeirra opinberu

⁸ Sunna Kristín Hilmarsdóttir, „Við erum að gengisfella hefndarklám,“ *Vísir.is*, 26. mars 2015.

<http://www.visir.is/-vid-erum-ad-gengisfella-hefndarklam-/article/2015150329212> sótt 10. apríl 2016.

⁹ April Kalogeropoulos Householder, „Girls, Grrrls, Girls“ í *Feminist Theory and Pop Culture*, ritsti Adrienne Trier-Bieniek, (Rotterdam: Sense Publishers, 2015), 21.

¹⁰ Michael Salter, „Privates in the online public: Sex(ting) and reputation on social media,“ *New Media and Society* (2015): 2.

¹¹ Samantha Bates, „„Stripped”: An Analysis of Revenge Porn Victims’ Lives after Victimization“ (doktorsritgerð, Simon Fraser University, 2015): 37

¹² John W. Kingdon *Agendas, Alternatives, and Public Policies*, 2. útg. (Pearson Education Limited, 2014), 114.

¹³ Samantha Bates, „„Stripped”: An Analysis of Revenge Porn Victims’ Lives after Victimization“ (doktorsritgerð, Simon Fraser University, 2015): 37

¹⁴ Sama heimild, 38.

vandamála sem áður voru talin persónuleg vandamál kvenna má nefna sem dæmi launamun kynjanna, kynferðisofbeldi og kynferðislega áreitni, rétt kvenna yfir eigin líkama og rétt kvenna á vinnumarkaði.¹⁵

Róttækur femínismi er hugtak sem spratt upp við upphaf kvennarannsóknna á sjöunda og áttunda áratug tuttugustu aldar. Róttækur femínismi er yfirhugtak yfir það sjónarmið að kúgun kvenna sé sjálfstætt form kúgunar, en ekki afleiðing stéttakúgunar eða einungis gamaldags viðhorf sem aðeins þurfi að viðra út, eins og aðrar tegundir femínisma gerðu ráð fyrir. Róttækur femínismi gerir ráð fyrir að konur séu kúgaðar vegna kyns síns, og að hið kvenlæga sé talið óæðra því karllæga. Þá segja róttækir femínistar að þjóðfélagið einkennist af *feðraveldi* (e. patriarchy) sem sé svo rótgróið í sögu, menningu og samfélag að það lifi enn góðu lífi þrátt fyrir gífurlegar þjóðfélagsbreytingar.¹⁶

2.2 Kynfrelsi og tilraunir til takmörkunar á kynfrelsi kvenna

Kynfrelsi felur í sér að geta ákveðið sjálf/ur hvaða kynlífsathöfnum maður tekur þátt í og með hverjum þær athafnir eru stundaðar. Brot á kynfrelsi einstaklinga kallast kynferðisbrot, en mikilvægt er að virða kynfrelsi fólks með því að virða mörk þess og gera ekki lítið úr kynhegðun þeirra. Mismunandi er eftir löndum hvaða kynhegðun er samfélagslega samþykkt, hvað er normið og hversu mikið frelsi konur hafa til að tjá kynhegðun sína.¹⁷ Sumstaðar tíðkast að þvinga konur í ýmsar aðgerðir sem valda því að þær geti ekki notið kynlífs, til dæmis limlestingar á kynfærum kvenna.¹⁸ Það hefur lengi verið gengið ansi langt á kynfrelsi kvenna. Bæði ríkið og kirkjan hafa tekið þátt í því og eru Íslendingar alls ekki saklausir. Njósnið um ungar konur sem slóu sér upp með hermönnum í seinni heimstyrjöldinni eru skýrt dæmi um slíka afskiptasemi sem hefur átt sér stað á Íslandi.¹⁹ Umræðan um *sexting*, sem farið verður betur yfir hér á eftir, endurspeglar þessar stöðluðu hugmyndir um kynlíf þar sem kynferði og kynvitund stúlkna er vandamál sem þarf að fylgjast með og reglugera. Þetta tvöfalda siðferði veldur því að konur eru litnar hornauga ef þær stunda ákveðnar kynlífsathafnir.

¹⁵ Samantha Bates, „Stripped”: An Analysis of Revenge Porn Victims’ Lives after Victimization“ (doktorsritgerð, Simon Fraser University, 2015): 39.

¹⁶ Þorgerður Einarisdóttir, „Hið vísindalega er pólitískt“: Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga“ í *Íslensk Félagsfræði: landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*, ritstj. Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2004): 219-220

¹⁷ Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir, „Druslustimplun: „Þetta er ekki manneskja fyrir þér, þetta er bara netið““ (meistararitgerð, Háskóli Íslands, 2015): 15.

¹⁸ Roy F. Baumeister og Jean M. Tweng, „Cultural Suppression of Female Sexuality,“ *Review of General Psychology* 6 nr.2 (2002): 166.

¹⁹ Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir, „Druslustimplun: „Þetta er ekki manneskja fyrir þér, þetta er bara netið““ (meistararitgerð, Háskóli Íslands, 2015): 15.

Samfélagið sem við búum í er gegnsýrt af *hlutgervingu*. Hvert sem er litið er mannlíkaminn hlutgerður. *Hlutgerving* á sér stað þegar mannleg samskipti bera svip af vöruskiptum. Það er að segja, hlutgerving er þegar manneskja er dæmd út frá því hversu nytsamleg hún er til að ná fram einhverju markmiði. Þegar x getur hjálpað y að ná einhverju ákveðnu markmiði verður x áhugaverðari og meira aðlaðandi í augum y. Þessi skilgreining hlutgervingar er ekki endilega niðrandi eða neikvæð. Öðru máli gegnir þegar talað er um kynferðislega hlutgervingu. Þá er hætta á að sá sem er hlutgerður sé ekki álitin heil manneskja, heldur einungis leið að kynferðislegum endapunkti, svipað og kynlífsleikfang.²⁰ Þetta leiðir af sér *afmennskun* (e. *dehumanization*), það er að segja að manneskjur séu smættaðar og ekki sé litið á þær sem fullgilda einstaklinga. Rannsóknir hafa sýnt að ef einblínt er á líkama fólks, frekar en persónuleika þess, minnka líkurnar á því að fólk tengi við það mannlega eiginleika. Þannig eru hlutgerðar konur taldar skorta eiginleika eins og gáfur, hlýju, hæfni og siðgæði.²¹ Þessi afmennskun er algengari ef um konur er að ræða en karla. Erfiðara er fyrir fólk að líta á kynferðislega hlutgerðar konur sem fullgilda einstaklinga, heldur en ef um kynferðislega hlutgerða karla er að ræða, karlmenn missa síður þessa mannlegu eiginleika í augum fólks.²² Hlutgerving og afmennskun er hegðun sem öll kyn taka þátt í. Hins vegar er talið að fólk stundi þessa hegðun ómeðvitað og af mismunandi ástæðum.²³ Karlmenn telja hlutgerðar konur vera kynferðislega aðlaðandi en afstaða kvenna er flóknari. Konur virðast annaðhvort samsama sig með hlutgerðum konum eða telja þær tilheyrja einhverskonar annars flokks samfélagshópi sem þær vilja fjarlægja sig frá.²⁴

2.3 Skaðleg karlmennska og kynbundið ofbeldi

Strákar eru og verða strákar

orðatiltæki

notað til að leggja áherslu á að það ætti ekki að koma fólki í opna skjöldu þegar strákar eða karlmenn eru ruddalegir eða háværir því það sé þeim eðlislægt (þýðing mín).²⁵

²⁰ Jeroen Vaes, Paola Paladino og Elisa Puvia, „Are sexualized women complete human beings? Why men and women dehumanize sexually objectified women,“ *European Journal of Social Psychology* 41 (2011): 774.

²¹ Sama heimild, 776.

²² Sama heimild, 775..

²³ Sama heimild, 784.

²⁴ Sama heimild, 778.

²⁵ Cambridge Dictionaries Online, „Meaning of “boys will be boys” in the English Dictionary“, <http://dictionary.cambridge.org/dictionary/english/boys-will-be-boys> sótt 12. apríl 2016.

Karlmennska er eingöngu til í samhengi við aðrar hugmyndir um kynin í kynjakerfi.²⁶ Skaðleg karlmennska er hugtak sem vísar í að hugmyndir um karlmennsku séu skaðlegar samfélaginu í heild, þar á meðal karlmönnum sjálfum. Það er að segja, það eru ekki eingöngu hugmyndir um konur og kvenleika sem viðhalda skaðlegu kynjamisrétti, heldur einnig hugmyndir um karlmennsku. Þó svo að ofbeldi sé ekki jafn viðurkennd karlmennskuhegðun og það var áður er ofbeldi karla þó enn útbreitt.²⁷ Ofbeldi er viðtekin hegðun að því leyti að það er útbreitt án þess að nokkuð marktækt sé gert til að stöðva það eða reyna að hafa áhrif á þær hugmyndir sem eiga þátt í að viðhalda því. Gróft tal karla um konur sem kynverur eru hluti af þessu vandamáli.²⁸ Hugmyndir um karlmennsku snúa þó ekki eingöngu að ofbeldi. Staðreyndin að eðlilegt teljist að karlar séu launahærri en konur er einn angi skaðlegrar karlmennsku, sem og að karlar séu meginfyrirvinnur heimila. Sú hugmynd veldur því að karlmenn eyða minni tíma með börnum sínum og að atvinnurekendum þykir ekki endilega sjálfsagt að greiða konum sömu laun og körlum.²⁹ Skaðlegar hugmyndir um karlmennsku birtast mjög skýrt í umræðu um nauðganir og annað kynferðisofbeldi. Sérstaklega hugmyndin um að karlmenn geti ekki hamið kynferðislegar hvatir sínar og að ágeng kynhegðun sé hluti af erfðamengi karlmanna.³⁰ Þannig er kynferðisleg áreitni afskrifuð sem „strákaleikur“ og eitthvað sem karlmenn hafa litla á stjórn á, vegna þess að kynhvöt þeirra sé svo óhefluð.³¹ Hinseginfræði og kynjafræði deila þeirri kenningu að ríkjandi karlmennska sé samofin valdi. Sumir tengja karlmennsku beint við hreina valdbeitingu og hefur þessi gagnrýni reynst körlum erfið. Tenging karlmennsku við hverskonar völd er sú hugmynd sem and-femínistar reyna einna helst að grafa undan.³²

Í kynjakerfi þar sem eitt kyn hefur yfirhöndina, í okkar tilfalli karlkynið, gegnir ofbeldi lykilhlutverki til að viðhalda valdamisræmi. Yfirgnæfandi meirihluti gerenda ofbeldis sem framið er í heiminum tilheyrir hinu ráðandi kyni. Karlmenn eru meira að segja oftarpopnaðir en konur og í sumum heimshlutum mega konur jafnvel ekki ganga með vopn. Tvö ofbeldismunstur eiga sér stað í slíku kerfi. Í fyrsta lagi er ofbeldi algengara milli karla en milli karla og kvenna. Karlar beita og verða fyrir ofbeldi í meiri mæli en konur. Þá eru hryðjuverk

²⁶ R.W. Connell, *Masculinities*, 2. útg. (Cambridge: Polity Press, 1995), 185.

²⁷ Ingólfur Ásgeir Jóhannsson, *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*, (Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við háskóla Íslands, 2004), 63

²⁸ Sama heimild, 64

²⁹ Sama heimild, 65-66

³⁰ Karen G. Weiss, „Boys Will be Boys” and Other Gendered Accounts An Exploration of Victims’ Excuses and Justifications for Unwanted Sexual Contact and Coercion.“ *Violence Against Women* 15, nr 7 (2009): 812.

³¹ Karen G. Weiss, „Boys Will be Boys” and Other Gendered Accounts An Exploration of Victims’ Excuses and Justifications for Unwanted Sexual Contact and Coercion.“ *Violence Against Women* 15, nr 7 (2009): 823.

³² R.W. Connell, *Masculinities*, 2. útg. (Cambridge: Polity Press, 1995), 42.

oftar framin af körlum og karlar beita ótta til að draga mörk og útiloka hópa, eins og gerist þegar gagnkynhneigðir karlar beita samkynhneigða karla ofbeldi.³³ Í öðru lagi notar forréttindahópurinn ofbeldi til að viðhalda völdum sínum. Slíkt ofbeldi tekur sér ýmsar birtingarmyndir, frá því að kalla á eftir konum úti á götu, áreitni á vinnustað og allt yfir í nauðgun, heimlisofbeldi eða jafnvel morð af höndum fyrrum elskhuga eða annars karlmanns sem telur sig „eiga“ þolanda. Flestir karlmenn sem ráðast á eða áreita konur telja sig ekki vera að gera neitt rangt. Þeir telja sig frekar vera að notfæra sér einhvern rétt sem þeir álíta sig hafa. Þeir eru afsakaðir af hugmynd um yfirburði sína gegn hinu kyninu.³⁴ Ofbeldi er hluti af valdakerfi en á sama tíma bendir það á vankanta þess. Fullkomið stigveldi myndi ekki þarfnast ótta eða ofbeldis til að viðhalda sér.³⁵

Stafrænt kynferðisofbeldi heyrir til kynbundins ofbeldis. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skilgreina kynbundið ofbeldi svo:

Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Í þessari ritgerð verður talað um kynbundið ofbeldi gegn konum. Kynbundið ofbeldi er ekki hægt að afskrifa sem vandamál einstakra karla eða kvenna, heldur er það kerfisbundið fyrirbæri og því þarf að taka á því sem slíku. Rannsóknir hafa sýnt að kynbundið ofbeldi er birtingarform félagslegs taumhalds á konum og að réttarkerfið hefur innbyggða karllæga slagsíðu. Kynbundið ofbeldi styrkist vegna þess að karlar hafa yfirhöndina á ýmsum öðrum sviðum samfélagsins, til dæmis innan dómskerfisins.³⁶ Í Evrópu hafa 62 milljónir kvenna eða ein af hverjum þremur konum orðið fyrir ofbeldi frá 15 ára aldri. Í sumum heimshlutum hafa 8 af hverjum 10 konum orðið fyrir einhverskonar ofbeldi; kynferðislegu, andlegu eða líkamlegu. Gerendur eru nákomnir þolendum í 15-71% tilfella, en talan er mismunandi eftir löndum.³⁷

2.4 Druslsmánun og þolendastimplun

Hlutgerving leiðir af sér *druslsmánun* (e. slut shaming) og *þolendastimplun* (e. victim blaming). Talað er um druslsmánun þegar konur eru látnar skammast sín fyrir kynhegðun sem

³³ R.W. Connell, *Masculinities*, 2. útg. (Cambridge: Polity Press, 1995), 83.

³⁴ R.W. Connell, *Masculinities*, 2. útg. (Cambridge: Polity Press, 1995), 83.

³⁵ Sama heimild, 84

³⁶ Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjakerfið. Úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli?“ (grein kynnt á ráðstefnu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í október 2006).

³⁷ UN Broadband commission, „Cyber violence against women and girls: a world-wide wake-up call,“ 2015, 13.

hefur, eða á að hafa átt sér stað.³⁸ Á sama tíma er körlum jafnvel hampað fyrir sömu hegðun.³⁹ Druslusmánun er oft notuð sem kúgunartæki gegn konum, til að halda þeim niðri. Þær eru gerðar ábyrgar fyrir upplifunum, svo sem ofbeldi eða áreiti sem þær verða fyrir, með skilaboðum um að þær geti sjálfum sér um kennt. Ef fólk verður fyrir druslusmánun líður því eins og það beri sjálft ábyrgð á ástandi sem veldur þeim erfiðleikum eða sársauka. Þolendum fer að líða eins og þær hafi kallað ástandið yfir sig sjálfar og verði að taka afleiðingunum. Jafnframt kallar druslusmánun fram þá tilfinningu að hegðun þeirra sé skammarverð, þær hafi hagað sér eins og druslur og aðrir muni líta á þær sem druslur.⁴⁰ Konum er sagt að smávægileg hegðun eins og daður geti verið til vandræða og að þær geti verið ábyrgar fyrir kynferðisofbeldi ef þær hafa daðrað opinskátt áður en þær verða fyrir árás. Daður er hins vegar ekki það sama fyrir öllum. Konur sem eru brosmildar eða ófeimnar geta verið taldar daðurgjarnar. Fólk er ekki alltaf að daðra þótt öðru fólki finnist það.⁴¹ Druslusmánun væri ekki til ef ekki væri fyrir þá tvöfeldni sem samfélagið viðheldur varðandi kynin og kynlíf. Ætlast er til þess að ungir menn þrái og eltist við kynlíf án tillits til hjúskaparstöðu, en ætlast er til að ungar konur stundi einungis kynlíf ef þær eru ástfangnar og í föstu sambandi. Konur eiga í hættu á að vera stimplaðar druslur ef kynhegðun þeirra samræmist ekki samfélagslegum hugmyndum um kynhegðun kvenna. Í raun hafa karlmenn meira kynfrelsi en konur, og druslusmánun viðheldur undirokun kvenna.⁴² Frægasti þolandi druslusmánunar er eflaust Monica Lewinsky, sem átti í kynferðislegu sambandi við Bill Clinton þegar hann var forseti Bandaríkjanna. Ítarlegum smáatriðum um samskipti þeirra var lekið í fjölmiðla og Lewinsky var úthrópuð drusla um heim allan. Meðal þeirra sem settu sig upp á móti Lewinsky voru yfirlýstir og virtir femínistar.⁴³ Lewinsky lét lítið fyrir sér fara í mörg ár en hefur nýlega stigið fram og sagt frá reynslu sinni. Hún segir að það ríki ákveðin skömm um druslusmánun og þess vegna séu einstaklingar tregir til að segja frá reynslu sinni.⁴⁴

³⁸ Elizabeth A. Armstrong, Laura T. Hamilton, Elizabeth M. Armstrong og J. Lotus Seely, „'Good Girls': Gender, Social Class and Slut Discourse on Campus,“ *Social Psychology Quarterly* 77 (2014):100

³⁹ Samantha Bates, „'Stripped': An Analysis of Revenge Porn Victims' Lives after Victimization“ (doktorsritgerð, Simon Fraser University, 2015): 9

⁴⁰ Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir, *Rof: Frásagnir kvenna af fóstureyðingum*, (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2015), 133.

⁴¹ Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, *Ofbeldi á Íslandi á mannamáli*, (Reykjavík: JPV útgáfa, 2009), 67.

⁴² Elizabeth A. Armstrong, Laura T. Hamilton, Elizabeth M. Armstrong og J. Lotus Seely, „'Good Girls': Gender, Social Class and Slut Discourse on Campus,“ *Social Psychology Quarterly* 77 (2014):101

⁴³ Jon Ronson, „Monica Lewinsky: 'The shame sticks to you like tar'“ *The Guardian*, 22. apríl 2016.

<https://www.theguardian.com/technology/2016/apr/16/monica-lewinsky-shame-sticks-like-tar-jon-ronson> sótt 22. apríl 2016

⁴⁴ Sama heimild.

Druslusmánun hefur þó með meira en kynlíf að gera. Druslusmánun getur verið kröftugt valdataeki. Elizabeth A. Armstrong og Laura T. Hamilton framkvæmdu fimm ára langtímarannsókn í háskóla í Bandaríkjunum um druslusmánun. Þær tóku viðtöl við 53 kvenkyns nema við skólann. Niðurstöður rannsóknar þeirra benda til að druslusmánun sé ein birtingarmynd stéttaskiptingar. Í ljós kom að stúlkur í efri stéttum við skólann áttu í minni hættu á að vera stimplaðar druslur, þrátt fyrir að hafa átt marga elskhuga. Stúlkur í efri stéttum stimpluðu þó stúlkur í lægri stéttum fyrir minniháttar atvik, sama hvað þær hefðu átt marga elskhuga. Efri stéttar stúlkur höfðu meira frelsi til að tjá kynhegðun en þær úr neðri stéttum. Efri stéttin skapaði rými fyrir sitt kynfrelsi á kostnað lægri stéttarinnar. Hér er á ferðinni ákveðið form eineltis, eins og druslusmánun er í eðli sínu, þar sem að um kúgunaraðferð er að ræða.⁴⁵ Umræða um að ungar stúlkur hlutgeri sjálfar sig með því að senda kynferðislegar myndir af sér og setji sjálfar sig í hættu á að myndirnar geti verið misnotaðar rímar þannig við samfélagslegar hugmyndir um kynin. Hún ýtir undir hugmyndina um að stúlkur séu hreinar og óspjallaðar, eitthvað sem hægt er að menga með kynlífi eða kynferðislegri löngun, og að stúlkur séu siðferðislega ábyrgar fyrir því að vernda hinn óspjallaða líkama sinn gegn ágengum karlmönnum.⁴⁶

Polendastimplun (e. victim blaming) vísar til þess þegar þolendum er á einhvern hátt kennt um það ofbeldi sem þeir verða fyrir og gefið er í skyn að það sé á ábyrgð þolenda að verjast kynferðisbrotum.⁴⁷ Hugtakið er náskýlt *druslusmánun*. Dæmi um þetta er þegar þolendur kynferðisbrota eru spurðir um ástand sitt þegar ofbeldið átti sér stað, hvernig klæðaburður þeirra var og/eða hvort þolandi hafi verið drukkinn eða undir áhrifum annarra vímuefna. Slík stimplun bætir gráu ofan á svart fyrir þolendur kynferðisbrota. Það dregur í efa siðferði þeirra og dómgreind og hefur áhrif á hvort samfélagið sýni þeim samúð. Þolendastimplun veldur því einnig að þolendur kenni sjálfum sér um og dragi upplifun sína í efa. Hún eykur kvíða, þunglyndi og áfallastreituröskun.⁴⁸ Þolendastimplun hefur einnig áhrif á meðferð kynferðisbrotamála. Lögfræðingar eru ólíklegri til að taka að sér mál þar sem þolandi viðurkennir að hafa reynt við gerenda fyrir atvikið, hleypt gerenda inn á heimili sitt, samþykkt einhverskonar kynferðislegt athæfi eða verið undir áhrifum þegar atvikið átti sér stað. Þeir eru

⁴⁵ Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir, „Druslustimplun: „Þetta er ekki manneskja fyrir þér, þetta er bara netið““ (meistararitgerð, Háskóli Íslands, 2015): 20.

⁴⁶ Jessica Ringrose, Laura Harvey, Rosalind Gill og Sonia Livingstone, „Teen girls, sexual double standards and ‘sexting’: Gendered value in digital image exchange.“ *Feminist Theory* 14(2013): 307.

⁴⁷ Sama heimild.

⁴⁸ Kent D. Harber og Peter Podolski, „Emotional Disclosure and Victim Blaming, *Emotion* 15 (2015): 603.

einnig ólíklegri til að taka að sér mál þar sem þolandi hefur verið að ferðast á puttanum, verið fastagestur á bar, eða hefur sjálfviljug samþykkt að fara heim með ókunnugum einstakling. Undir þessum kringumstæðum er hegðun þolenda talin á einhvern hátt röng og að þær séu því á vissan hátt ekki raunverulegir þolendur. Þrátt fyrir þetta eru þolendur sem haga sér eftir samfélagslega samþykktum „reglum“ ekki undanskildar þolendastimplun.⁴⁹ Þetta leiðir af sér að þolendur eru líklegir til að gera lítið úr ofbeldi sem þeir hafa orðið fyrir eða kenna sjálfum sér um ofbeldið.⁵⁰

2.5 Innfæddir netverjar og aðfluttir netverjar

Það myndast óhjákvæmilega bil á milli allra kynslóða. Tímarnir breytast og mennirnir með. Sú kynslóð sem nú er að útskrifast úr menntaskólum og háskólum er oft kölluð *aldamótakynslóðin* (e. millennials). Hún hefur einnig verið kölluð Y-kynslóðin, netkynslóðin og netkrakkarnir.⁵¹ Annað hugtak yfir þessa kynslóð, sem ólst upp við aðgang að nettengdum tölvum er *innfæddir netverjar* (e. digital natives). Þeir sem eldri eru og ólust ekki upp við internetið eru kallaðir *aðfluttir netverjar* (e. digital immigrants). Hugtökin spretta frá Mark Prensky sem skrifaði greinina „Digital Natives, Digital Immigrants“ árið 2001. Hugtökunum var upprunalega ætlað að útskýra breytt kennsluumhverfi þegar innfæddir netverjar kæmu inn í skólakerfið en eru nú notuð til að lýsa því gríðarlega kynslóðabili sem á að hafa skapast þegar ein kynslóð ólst upp í kringum gríðarlegar tækniframfarir. Innfæddir netverjar eru læsir á stafrænt tungumál, tölvur, tölvuleiki og internetið. Aðfluttir netverjar eiga hins vegar á brattann að sækja og þurfa að leggja sig meira fram við að læra á tækninýjungar. Prensky líkir muninum á þessum kynslóðum við tungumálakunnáttu. Aðfluttir netverjar munu alltaf hafa einhverskonar hreim og verða aldrei fullfærir á netið, líkt og innfæddir netverjar. Þeir gera ákveðna hluti sem infæddum netverjum myndi aldrei detta í hug, líkt og að prenta út tölvupósta, leita ekki strax til internetsins í upplýsingaleit eða lesa handbók í stað þess að gera ráð fyrir að forritið sjálft kenni sér að nota það.⁵² Það er hægt að deila um hvort Prensky hafi rétt fyrir sér um að aðfluttir netverjar geti aldrei verið jafnlæsir á tækni og þeir innfæddu og líklega er þetta heldur mikil einföldun á flóknu dæmi. Hins vegar er mikilvægt í umræðu um stafrænt kynferðisofbeldi að taka tillit til þess að kynslóðirnar eiga í mismunandi sambandi við tækni og tækniframfarir.

⁴⁹ Karen G. Weiss, „Boys Will be Boys” and Other Gendered Accounts An Exploration of Victims’ Excuses and Justifications for Unwanted Sexual Contact and Coercion.“ *Violence Against Women* 15, nr 7 (2009): 813

⁵⁰ Sama heimild, 825

⁵¹ Kaja J. Fietkiewicz, Elmar Lins, Katsiaryna S. Baran og Wolfgang G. Stock, „ Inter-Generational Comparison of Social Media Use: Investigating the Online Behavior of Different Generational Cohorts.“ Grein kynnt á *49th Hawaii International Conference on System Sciences 2016*,

⁵² Mark Prensky, „Digital Natives, Digital Immigrants Part 1“ *On the Horizon* 9 (2001):1-3 (

Rannsókn frá árinu 2010 sýndi að einungis 14% unglunga notuðust við bloggsíður, sem var um helmingslækkun frá árinu 2006. Notkun fullorðinna einstaklinga á bloggsíðum til tjáningar hélst hinsvegar fremur stöðug. Árið 2010 notuðu 73% bandarískra unglunga samfélagsmiðla á meðan einungis 47% fullorðinna gerðu slíkt hið sama.⁵³ Yngri kynslóðin virðist jafnframt breyta netnotkun sinni í takt við tískubylgjur, frekar en eldri kynslóðin.

2.6 Samantekt

Þolendastimplun, druslusmánun og skaðleg karlmennska skapa rými sem auðveldar gerendum kynferðisofbeldis að komast upp með gjörðir sínar. Hugtökin eru hluti af flóknu kynjakerfi sem skapar samfélagið sem við búum í. Ef karlmenn eru ekki taldir ábyrgir gjörða sinna er auðveldara að skella skömminni á þolendur, sem eru í meirihluta konur. Rannsóknir hafa sýnt að fólk á erfiðara með að líta á kynferðislega hlutgerðar konur sem heildstæða einstaklinga og þess vegna er hætta á því að samfélagið eigi erfiðara með að hafa samúð með þolendum stafræns kynferðisofbeldis. Konur meðtaka og yfirfæra á sjálfar sig hugmyndir um „eðlilega“ kynhegðun og dæma sjálfar sig og aðrar konur. Vandamálin sem konur horfast svo í augu við daglega vegna þessa eru afskrifuð sem persónuleg vandamál sem stjórnvöldum beri ekki skylda til að taka upp. Þessu fylgir einnig að netnotkun ungmenna er ólík netnotkun þeirrar kynslóðar sem fer með stjórnvöld og er þá hætta á ákveðnu skilningsleysi stjórnvalda gagnvart stafrænu ofbeldi.

⁵³ Amanda Lenhart, Kristan Purcell, Aaron Smith, og Kathryn Zickuhr, „Social Media & Mobile Internet Use among Teens and Young Adults.“ *Pew Internet & American Life Project* (2010): 2

3 Hið stafræna kynferðisofbeldi

Stafrænt ofbeldi hefur fimm meginleika sem geri það frábrugðið annarskonar ofbeldi: Nafnleysi, fjarlægð, sjálfvirkni, aðgengi að tækni og útbreiðsla og langlífi. Nafnleynd og fjarlægð gerenda gerir það að verkum að oft hefur þolandi enga leið til að vita hver hefur framið brotið. Sjálfvirkni og aðgengi að tækni gerir það að verkum að hægt er að brjóta á manneskju á sekúndubroti á ýmsum vettvöngum. Útbreiðsla og langlífi gerir það að verkum að skilaboð eða myndir fjölfaldast og eru til í langan tíma og jafnvel að eilífu.⁵⁴

Sameinuðu þjóðirnar skipta tegundum stafræns kynferðisofbeldis í sex mismunandi flokka; Innbrot í tölvukerfi (e. hacking), að villa á sér heimildir, eftirlit og eltingar, áreiti og spamm, nýliðun og meiðandi dreifingu.⁵⁵ Innbrot í tölvukerfi, eða *hacking* er þegar tækniþekking er notuð til að öðlast ólöglegan aðgang að kerfum eða netföngum til að nálgast persónuupplýsingar, breyta upplýsingum, dreifa rógburði eða gera lítið úr þolendum. Dæmi um þetta er misnotkun á lykilorðum og á tölvukerfum, til dæmis ef slökkt er á kerfi úr fjarlægð eða notandi skráður út af eigin aðgangi. Talað er um að villa á sér heimildir ef einstaklingur þykist vera þolandi, eða annar en hann sjálfur til að öðlast aðgang að persónuupplýsingum, gera lítið úr þolanda eða hafa samband við hann. Dæmi um þetta eru sendingar á móðgandi tölvupósti frá aðgangi þolenda, eða símhringingar til þolenda úr óþekktu númeri til að koma í veg fyrir að hægt sé að stöðva símhringingar. Þriðji flokkurinn, eftirlit og eltingar er notaður til að fylgjast með virkni og hegðun þolandans. Þá er áreiti og spamm þegar tækni er notuð til að vera í sífelldu sambandi við þolanda til að hóta, hræða eða pirra viðkomandi. Um er að ræða viðvarandi hegðun og ekki eitt tilfelli. Nýliðun er þegar tækni er notuð til að tæla mögulega þolendur í ofbeldisfullar aðstæður. Um er að ræða villandi atvinnuauglýsingar eða stefnumótasíður. Þekkt er að vændisseljendur og manseljendur (e. human traffickers) noti spjallsíður og vefsíður til að komast í samskipti við þolendur. Hér verður einblínt á síðasta flokkinn: meiðandi dreifingu. Um er að ræða notkun tækni til að stjórna eða dreifa ólöglegu eða meiðandi efni sem tengist þolanda eða samtökum sem vinna gegn kynbundnu ofbeldi.

Stafrænt kynferðisofbeldi felur í sér birtingar á kynferðislegu myndefni án samþykkis þeirra sem á myndefninu birtast. Hugtakið er einnig þekkt sem hefndarklám, hrelliklám eða klám án samþykkis.⁵⁶ Í umræðu hér á landi hefur mest verið notast við hugtakið hefndarklám (e.

⁵⁴ UN Broadband commission, *Cyber violence against women and girls: a world-wide wake-up call* (UN broadband commission, 2015), 23.

⁵⁵ Sama heimild, 22.

⁵⁶ Mary Anne Franks, „Criminalizing Revenge Porn,“ *Wake Forest Law Review* 45 (2014): 1.

revenge porn) til að lýsa þessu fyrirbæri. Orðið hefnd hefur verið notað vegna þess hve oft slíkum myndum er dreift af mökum eða fyrrum elskhugum. Það er hins vegar ekki alltaf tilfellið og oft er slíkum myndum dreift af þriðja aðila, til dæmis þegar brotist er inn í tölvur einstaklinga. Frægt dæmi um slíkt er svokallað „Celebgate“, þegar brotist var inn í yfir 100 iCloud aðganga og nektarmyndum af ýmsum stjörnum lekið á netið árið 2014.⁵⁷ Klám hefur verið skilgreint sem „Ögrandi framsetning á kynlífi í auðgunarskyni, án ástar, blíðu eða ábyrgðar.“⁵⁸ Tilgangurinn með dreifingu kynferðislegs myndefnis er sjaldan að auðgast, heldur beinlínis að niðurlægja eða meiða þolanda og því getur ekki talist viðeigandi að ræða um klám í þessu samhengi. Auk þess er klám orðið það hversdagslegur hluti af daglegu lífi unglunga að umræða um slíkar dreifingar sem klám gefa því ekki nægilegt vægi. Hér verður talað um slíkar myndbirtingar sem *stafrænt kynferðisofbeldi*, þar sem höfundur telur það hugtak ná best yfir alla anga fyrirbærisins. Hugtakið er meðal annars notað af Stígamótum.⁵⁹ Einnig má nefna því til rökstuðnings að þolendur stafræns ofbeldis sýna oft svipuð einkenni og þolendur annars kynferðisofbeldis, líkt og kvíða, áfallastreituröskun, átröskun og þunglyndi.⁶⁰ Stafrænt kynferðisofbeldi hefur áhrif á bæði konur og karla en engu að síður virðist slíkt ofbeldi oftar beinast að konum, sem eru um 90% þolanda slíks ofbeldis. Þetta er í takt við tölfræði um annarskonar netáreiði en um 72% þeirra sem tilkynna netáreiði eru konur.⁶¹ Þetta virðist einnig eiga við um Ísland, en samkvæmt starfsfólki Stígamóta eru það aðallega konur sem leita til samtakanna vegna stafræns kynferðisofbeldis.⁶²

3.1 Ný tegund ofbeldis?

Margir telja að vegna þess hve nýtt af nálinni stafrænt ofbeldi er, sé erfiðara að greina það og takast á við það. Þetta er rétt upp að vissu marki. Stafrænt kynferðisofbeldi hefur gjörbreyst síðustu ár. Stígamót hafa hins vegar verið að taka á móti þolendum stafræns kynferðisofbeldis í mörg ár. Elsta tilfellið eru um 20 ára gamalt, en slíkum málum hefur fjölgað síðustu tíu ár.⁶³ Kynbundið ofbeldi er ekki tilviljanakennt eða slitrótt, heldur er það kerfisbundið. Kynbundið

⁵⁷ BBC, „Celebgate hack: Man to plead guilty to nude photos theft,“ 15. mars 2016.

<http://www.bbc.co.uk/news/technology-35817814> Sótt 16. mars 2016.

⁵⁸ Páll Sigursson (ritstjóri), „Lögfræðiorðabók með skýringum“ (Reykjavík: Bókaútgáfan Codex og Lagastofnun Háskóla Íslands, 2008).

⁵⁹ Stígamót, „Kynferðislegt ofbeldi,“ <http://www.stigamot.is/is/fraedsluefni/kynferdislegt-ofbeldi> (sótt 6. febrúar 2016).

⁶⁰ Mary Anne Franks, „Criminalizing Revenge Porn,“ *Wake Forest Law Review* 45 (2014): 4

⁶¹ Sama heimild, 5

⁶² Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir, *Stöðvum hrelliklám: Löggjafir og umræða*, (Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 2015), 9.

⁶³ Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir, *Stöðvum hrelliklám: Löggjafir og umræða*, (Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 2015), 9.

ofbeldi sem á sér stað á netinu er þess vegna einungis ný birtingarmynd á viðvarandi samfélagsvandamáli sem er afleiðing valdamisræmis milli kynjanna. Stafrænt kynferðisofbeldi er heldur ekki vandamál einstakra óheppinna kvenna og þolendur slíks ofbeldis eru ekki eingöngu þær konur sem hafa stigið fram og sagt sögu sína í fjölmiðlum. Um er að ræða ofbeldi sem konur og stúlkur verða fyrir á hverjum degi víðsvegar um heiminn.⁶⁴

Stafrænt ofbeldi gegn konum dregur dilk á eftir sér fyrir samfélagið í heild. Nauðgunar- og dauðahótanir valda gríðarlegu andlegu og fjárhagslegu tjóni fyrir konur og stúlkur. Þörf á heilbrigðisþjónustu, lögfræðiþjónustu og félagslegri aðstoð eykst og afköst minnka. Stafrænt ofbeldi getur líka haft áhrif á tjáningarfrelsi þolenda og önnur mannréttindi.⁶⁵ Ofbeldið getur haft áhrif á einkunnir og nemendur sem verða fyrir stafrænu ofbeldi eiga það til að hætta að mæta í skólann vegna ótta við áreiti frá öðrum nemendum, eða missa einbeitingu við nám.⁶⁶ Stafrænt ofbeldi getur einnig haft áhrif á atvinnuhorfur þolenda. Vinnuveitendur leita yfirleitt upplýsinga um umsækjendur á internetinu áður en til atvinnuviðtals kemur og algengt er að litið sé framhjá þolendum stafræns kynferðisofbeldis, oft til að vernda ímynd vinnustaðarins ef nektarmyndir birtast við leit á leitarvélum. Algeng viðbrögð þolenda stafræns kynferðisofbeldis eru að halda sig til hlés á samfélagsmiðlum og minnka netnotkun almennt, til að forðast frekara áreiti. Þetta getur einnig haft slæm áhrif á atvinnuhorfur, þar sem mörg fyrirtæki eru byrjuð að líta sérstaklega á frammistöðu einstaklinga á samfélagsmiðlum sem einskonar viðmið fyrir félagslega stöðu umsækjenda.⁶⁷ Til að bæta gráu ofan á svart eru þolendur oft nafngreindir og upplýsingum líkt og tölvupóstfangi eða *Facebook* síðu dreift með myndunum og eiga þolendur þar af leiðandi í hættu á að verða fyrir enn frekara netofbeldi í kjölfar mynddreifinga.⁶⁸ Ótti þolenda getur verið gríðarlegur og margir treysta sér jafnvel ekki til að yfirgefa heimili sín.⁶⁹ Blanda af refsileysi og skömm veldur því að ástandið virðist viðvarandi og óbreytanlegt.⁷⁰

⁶⁴ End Violence: Women's rights and safety online project, „From impunity to justice: Domestic legal remedies for cases of technology-related violence against women,“ (Holland: APC, 2015), 11.

⁶⁵ UN Broadband commission, *Cyber violence against women and girls: a world-wide wake-up call* (UN broadband commission, 2015), 2.

⁶⁶ End Violence: Women's rights and safety online project, „From impunity to justice: Domestic legal remedies for cases of technology-related violence against women,“ (Holland: APC, 2015), 14

⁶⁷ Mary Anne Franks, „Criminalizing Revenge Porn,“ *Wake Forest Law Review* 45 (2014): 4.

⁶⁸ Sama heimild, 4.

⁶⁹ Sama heimild, 4.

⁷⁰ End Violence: Women's rights and safety online project, „From impunity to justice: Domestic legal remedies for cases of technology-related violence against women,“ (Holland: APC, 2015), 14

3.2 Sexting

Meðal þess sem hefur gjörbylt stafrænu kynferðisofbeldi er fyrirbærið *sexting*, samsett úr ensku orðunum fyrir kynlíf og smáskilaboð (*sex* og *texting*).⁷¹ Sexting hefur verið skilgreint sem sendingar kynferðislegs efnis í gegnum farsíma eða önnur raftæki.⁷² Smáforritið *Snapchat* hefur gjörbylt *sexting*. *Snapchat* gerir notendum kleyft að senda myndir eða myndbönd til annarra notenda en myndefnið varir mest í 10 sekúndur. Rúmlega 100 milljón einstaklingar nota forritið.⁷³ Sá sem fær efnið sent getur ekki vistað myndbönd í heild en hins vegar er hægt að taka skjáskot af myndum og myndböndum.

The National Campaign to Prevent Teen and Unplanned Pregnancy könnun meðal unglunga og ungs fólks um kynferðislega nethegðun þeirra. 71% kvenkyns svarenda og 67% karlkyns svarenda höfðu sent kynferðisleg smáskilaboð. Í rannsókn meðal grunnema á háskólastigi frá 2014 kom jafnframt fram að konur og karlar eru jafn líkleg til að stunda sexting. Sexting og önnur kynferðisleg nethegðun er orðin stór hluti af tilhugalífi ungs fólks, og leið fyrir ungt fólk að kynnast og læra á eigin kynhneigð. Í könnun National Campaign kom fram að 22% unglunga eru framhleyrnari og ákveðnari í kynferðislegum samskiptum á netinu en í raunheimum. Einnig sögðu 38% að sendingar á kynferðislegu efni væru undanfari kynlífs eða sambands.⁷⁴

Þrátt fyrir að sexting sé svo útbreitt fyrirbæri voru 75% unglunga í könnun National Campaign sammála því að sendingar á kynferðislegu efni gætu haft „alvarlegar neikvæðar afleiðingar.“ Þá sögðu um 37% unglunga að það væri algengt að viðtakendur nektarmynda deildu þeim með öðrum.⁷⁵ Vandamálið virðist því ekki vera að unglingar séu ekki meðvitaðir um áhættuna sem fylgir því að senda nektarmyndir. Þrátt fyrir að kynin virðist stunda sexting jafnt þá er tölulegur munur á aðstæðum og ástæðum. 51% unglingsstelpna sögðu þrýsting frá strák vera ástæðu fyrir sendingu nektarmynda, á meðan einungis 18% unglingsstráka sögðu þrýsting frá hinu kyninu vera ástæðuna fyrir sínum sendingum.⁷⁶ Þetta rímar við hugmyndir um að algengt sé að karlmenn þrýsti á konur til kynlífsathafna.⁷⁷

⁷¹ Jessica Ringrose, Laura Harvey, Rosalind Gill og Sonia Livingstone, „Teen girls, sexual double standards and ‘sexting’: Gendered value in digital image exchange.“ *Feminist Theory* 14(2013): 306

⁷² Kimberly J. Mitchell, David Finkelhor, Lisa M. Jones og Janis Wolak, „Prevalence and Characteristics of Youth Sexting: A National Study,“ *Pediatrics* 129 nr 1 (2011): 15

⁷³ Andrew Nusca, „Why Snapchat is worth \$19 billion (or more),“ *Fortune*, 19. febrúar 2015
<http://fortune.com/2015/02/19/snapchat-worth-19-billion-more/> (sótt 16. mars 2016).

⁷⁴ Samantha Bates, „‘Stripped’: An Analysis of Revenge Porn Victims’ Lives after Victimization“ (doktorsritgerð, Simon Fraser University, 2015): 6-7.

⁷⁵ Sama heimild, 7.

⁷⁶ Sama heimild, 7

⁷⁷ Kristen N. Jozkowski og Zoë D. Peterson, „College Students and Sexual Consent: Unique Insights,“ *Journal of Sex Research* 50 nr 6 (2013): 520.

Dickpic er notað yfir myndir af getnaðarlim eða kynfærum sem karlmaður sendir til annars einstaklings. Oft gera þeir þetta óumbeðnir og myndirnar eru jafnvel sendar í óþökk viðtakanda.⁷⁸ Viðtakendum finnast slíkar myndir oft óþægilegar og eiga erfitt með að átta sig á hvernig á að bregðast við þeim.⁷⁹ Konur hafa jafnvel byrjað að forðast vini eða kunningja sem hafa sent þeim slíkar myndir vegna þess að þeim fannst þeim ekki lengur treystandi.⁸⁰ Ekki er mikið um tölfræði eða rannsóknir um sendingar slíkra mynda í óþökk viðtakanda en sumir telja að karlmenn sendi myndir óumbeðnir til kvenna í von um að fá svipaða mynd frá þeim til baka. Það er alls ekki víst að þeir viti að hegðunin getur verið óþægileg eða ógnandi fyrir viðtakandann.⁸¹

Samimi og Alderson gerðu svipaða rannsókn árið 2014 og könnuðu viðhorf 525 nema í grunnnámi við háskóla í Kanada til sexting. Í rannsókninni kom í ljós að enginn munur er á þátttöku kynja en hins vegar var stór munur á viðhorfi til sexting. Karlmenn voru líklegri til að líta á sexting sem eitthvað léttúðugt og skemmtilegt, leið til að brjóta ísinn í kynferðislegu sambandi og sem eðlilegan hluta af nútímasamböndum. Konur voru varkárari í viðhorfum sínum til sexting, töldu að það væri áhættusamt og að foreldrar ættu stjórna símanotkun barna sinna. Að auki komust Samimi og Alderson að því að þeir sem líklegastir væru til að stunda sexting væru í föstu sambandi, en ekki kærulausar ungar konur eins og oft er talað um. Þessar niðurstöður ríma einnig við þá staðreynd að gerendur í kynferðisbrotum eru oftast nákomnir þolendum, en ekki ókunnugir.⁸² Raunar er oft um að ræða ákveðna tegund heimilisofbeldis, þar sem myndir eru teknar vegna þrýstings frá maka og oft hafa gerendur notað slíkar myndir til kúgunar. Mörg dæmi eru um að nektarmyndir séu notaðar til að halda þolendum í sambandi sem þeir hafa reynt að yfirgefa eða til að halda þeim á annan hátt niðri andlega.⁸³

Jessica Ringrose, Laura Harvey, Rosalind Gill og Sonia Livingstone rannsökuðu kynferðislega hegðun breskra ungmenna á samskiptamiðlum.⁸⁴ Þær komust að því að meginvandamálið væri valdaójafnvægi kynjanna og hið tvöfalda siðferði varðandi líkama og kynhegðun stúlkna og

⁷⁸ Michael Salter, „Privates in the online public: Sex(ting) and reputation on social media.“ *New Media and Society* (2015): 8.

⁷⁹ Sama heimild, 8

⁸⁰ Sama heimild, 13.

⁸¹ Michael Salter, „Privates in the online public: Sex(ting) and reputation on social media.“ *New Media and Society* (2015): 10

⁸² Samantha Bates, „Stripped”: An Analysis of Revenge Porn Victims’ Lives after Victimization“ (doktorsritgerð, Simon Fraser University, 2015): 11

⁸³ Mary Anne Franks, „Criminalizing Revenge Porn,” *Wake Forest Law Review* 45 (2014): 4.

⁸⁴ Jessica Ringrose, Laura Harvey, Rosalind Gill og Sonia Livingstone, „Teen girls, sexual double standards and ‘sexting’: Gendered value in digital image exchange.“ *Feminist Theory* 14(2013): 305.

kvenna. Þær komust einnig að þeirri niðurstöðu að nektarmyndir væru notaðar sem einskonar gjaldmiðill. Strákar notuðu nektarmyndir af stúlkum til að sýna fram á áhrif sín og vinsældir. Strákar töluðu einnig um að nektarmyndir hefðu mismikið virði eftir því hvaða stúlku væri um að ræða. Þá töluðu bæði stelpur og strákar um að stelpur sem sendu af sér myndir væru „druslur“ og að þær skorti sjálfsvirðingu.⁸⁵ Þá kom einnig fram viðhorfið að jafnvel þó að strákur hefði tekið myndina af stúlkunni þá ættu stelpur ekki að setja sjálfar sig í aðstæður sem geri öðrum kleyft að taka myndir af þeim.⁸⁶

SAFT, vakningarátak um örugga og jákvæða tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglunga á Íslandi, framkvæmdi könnun um netnotkun íslenskra barna árið 2013. Þátttakendur voru 954 börn í 4.-10. bekk, eða á aldrinum 10-16 ára. Meðal annars var spurt um klámnotkun og sendingar á nektarmyndum. 11% stúlkna á aldrinum 10-16 ára sögðust hafa verið beðnar um eða beittar þrýstingi um að senda öðrum af sér nektarmyndir, eða myndir í ögrandi stellingum. 1,1% allra svarenda sögðust hafa sett mynd á netið af sér nöktum/naktri eða í ögrandi stellingu. 2% sögðust hafa sent mynd eða myndir af sér nöktum/naktri eða í ögrandi stellingu til einhvers ákveðins aðila á netinu.⁸⁷

Flestum er fullljóst að samþykki er aðstæðubundið. Samþykki einstaklingur að upplýsingar séu notaðar í einu samhengi er hann ekki að samþykkja að þær séu notaðar í öðru samhengi. Eins þýðir samþykki til kynlífs með einum einstaklingi ekki samþykki til kynlífs með vinum viðkomandi. Samþykki innan eins sambands þýðir ekki að samþykkið nái til kynlífs utan þess. Hins vegar reyna sumir að færa rök fyrir því að samþykki konu til að deila kynferðislegum myndum af sér með einhverjum sem hún treystir sé samþykki til að viðkomandi deili þeim með alheiminum. Að kenna þolendum stafræns kynferðisofbeldis um að myndir fái dreifingu er keimlíkt því að kenna einstaklingi um ef endurskoðandinn hans dreifir persónuupplýsingum skjólstæðings síns.⁸⁸ Þegar tveir samþykkir einstaklingar deila kynferðislegum myndum með hvor öðrum er það oftast gert í trú um það að myndirnar séu og verði einkamál.⁸⁹

Mikill misskilningur er að um einhverskonar „fyrsta heims vandamál“ sé að ræða. Netglæpir fylgja internetinu er notkun þess eykst í heiminum. Smáskilaboðaforritið WhatsApp er til

⁸⁵ Jessica Ringrose, Laura Harvey, Rosalind Gill og Sonia Livingstone, „Teen girls, sexual double standards and ‘sexting’: Gendered value in digital image exchange.“ *Feminist Theory* 14(2013): 315.

⁸⁶ Sama heimild, 316.

⁸⁷ Capacent Gallup, *Heimili og skóli: SAFT könnun á netnotkun barna og unglunga*. (Reykjavík: Capacent Gallup, 2013), 127-130.

⁸⁸ Mary Anne Franks, „Criminalizing Revenge Porn,“ *Wake Forest Law Review* 45 (2014): 5.

⁸⁹ Sama heimild, 5.

dæmis nýjasta tækið til áreitni á Indlandi og í Malasíu.⁹⁰ Netglæpir eru einnig orðnir útbreiddir í Nígíeríu, Kenía og Suður-Afríku. Farsímar eru mest notaða tækið til að viðhalda netofbeldi gegn konum, sérstaklega á svæðum þar sem netnotkun er að aukast líkt og í Afríku.⁹¹ Árið 1995 höfðu minna en 1% jarðarbúa aðgang að internetinu. Sú tala hefur hækkað í 40% og í dag eru yfir 3 milljarðar einstakra netnotenda. Konur eru um 25% ólíklegri til að hafa aðgang að netinu í dag en búist er við því að um 450 milljónir nýrra kvenkyns notenda bætist við á næstu árum.⁹²

3.3 Með lögum skal land byggja

Internetið er alþjóðlegt fyrirbæri og nánast hver sem er getur séð eða lesið það sem sett er á netið, sama hvar í heiminum viðkomandi er. Vegna þess hve alþjóðlegt og opið kerfi internetið er í eðli sínu hefur reynst erfitt að bregðast við ofbeldi sem þar birtist, hvort sem það er hatursorðræða eða kynferðisofbeldi. Einnig hefur oft verið litið á internetið sem einhverskonar frísvæði sem yfirvöld eigi ekki að skipta sér af. Þá fylgir því auk þess ákveðin hætta að lög sem sett eru um internetnotkun verði fljótt úrelt, vegna þess hve hratt netnotkun og netumhverfi breytast.⁹³

Samkvæmt APC (Association for Progressive Communications) eru fjórar meginástæður fyrir því að konur leita ekki réttar síns í netofbeldismálum. Sú fyrsta er hugmyndin um að ofbeldi sem á sér stað á netinu sé ekki raunverulegt, og sé þar með ekki jafn skaðlegt. Í öðru lagi hugmyndin um að kynbundið netofbeldi sé splunkuný tegund ofbeldis og hafi ekkert að gera með annarskonar ofbeldi.⁹⁴ Í þriðja lagi er það hugmyndin um að það séu ekki til neinar lagalegar heimildir til að takast á við kynbundið netofbeldi.⁹⁵ Í fjórða lagi sú staðreynd að lögreglufirvöld og réttarkerfið virðast ekki vera tilbúin að takast á við netofbeldi.⁹⁶

Polendur stafræns kynferðisofbeldis og annarskonar stafræns ofbeldis koma oft að luktum dyrum hjá lögreglufirvöldum. Lögreglufirvöld virðast vera máttlaus gagnvart slíkum glæpum vegna þess að internetið er alþjóðlegur vettvangur og erfitt getur verið að rekja glæpi,

⁹⁰ UN Broadband commission, „Cyber violence against women and girls: a world-wide wake-up call,“ 2015.

⁹¹ Sama heimild.

⁹² Sama heimild.

⁹³ Samantha H. Scheller, „Picture Is Worth a Thousand Words: The Legal Implications of Revenge Porn,“ *North Carolina Law Review* 93 nr.2 (2014-2015): 554-555.

⁹⁴ End Violence: Women's rights and safety online project, „From impunity to justice: Domestic legal remedies for cases of technology-related violence against women,“ (Holland: APC, 2015), 12.

⁹⁵ Sama heimild, 5.

⁹⁶ Sama heimild, 28.

hvað þá að finna sökudólginn.⁹⁷ Jafnvel þó að tilfelli geti flokkast sem alvarleg kynferðisleg áreitni virðast lögregluþyriföld treg til að taka málið upp. Þolendum er oft sagt að hegðunin sé ekki nógu alvarleg til að ítarleg rannsókn sé framkvæmd. Þolendum er jafnvel sagt að þeir geti sjálfum sér um kennt þar sem þeir deildu myndunum með öðrum aðila.⁹⁸

Meðal þeirra lausna sem yfirvöld hafa leitast við að nota til að stöðva dreifingu nektarmynda er að notast við lög um barnaklám, þegar það á við. Eign og dreifing á barnaklámi er ólögleg víða. Þetta úrræði hefur þó alvarlega vankanta og til dæmis geta þolendur stafræns kynferðisofbeldis verið kærðir fyrir framleiðslu á barnaklámi ef viðkomandi aðilar voru undir lögaldri þegar myndirnar voru teknar.⁹⁹ Einnig hafa komið upp mál þar sem yfirvöld beinlínis nota lög um barnaklám gegn þolendum. Í einu máli (Miller v. Skumanick) hótaði saksóknari að kæra hóp unglingsstúlkna fyrir vörslu og dreifingu barnakláms ef þær tækju ekki þátt í „endurmenntunar- og meðferðarnámskeiði“ (e. re-education and counseling program). Á myndunum voru stúlkurnar 13 ára og klæddar í brjóstahaldara, handklæði eða sundföt. Tilgangur námskeiðsins var að kenna þeim að slík hegðun væri óásættanleg og að þær myndu „öðlast skilning á hvað það merkir að vera stelpa í nútímasamfélagi“¹⁰⁰

Mary Anne Franks er lagaprófessor við University of Miami sem hefur skrifað mikið um lagasetningu á stafrænu kynferðisofbeldi í Bandaríkjunum og víðar. Hún telur meðal annars að ástæða gerenda fyrir dreifingu á stafrænu kynferðisofbeldi eigi ekki að skipta máli þegar dæmt er í slíkum málum. Hún bendir á að hver sem tilgangur drefingarinnar sé, hvort sem það er hefnd, hagnaður, eða grín, þá séu afleiðingarnar alltaf þær sömu fyrir þolendur. Þá gera gerendur sér einnig oft ekki grein fyrir að dreifingin sé yfirhöfuð kynferðisbrot, en afleiðingarnar breytast þó ekki.¹⁰¹ Hún bendir einnig á að mikilvægt sé að skilgreiningar í slíkum löggjöfum séu ítarlegar og að lögin séu nokkuð nákvæm. Til dæmis að lögin geti náð yfir alla dreifingu, ekki einungis dreifingu á netmiðlum. Þá má skilgreining stafræns kynferðisofbeldis heldur ekki vera of þröng heldur verður löggjöfin að ná yfir myndefni sem er kynferðislegt þó það sýni ekki endilega nekt.¹⁰² Franks hefur jafnframt sagt að stafrænt

⁹⁷ Sandra Laville „Online abuse: ‘existing laws too fragmented and don’t serve victims,’” *The Guardian*, 4. mars 2016. (<http://www.theguardian.com/uk-news/2016/mar/04/online-abuse-existing-laws-too-fragmented-and-dont-serve-victims-says-police-chief>) (sótt 10. apríl 2016).

⁹⁸ Mary Anne Franks, „Criminalizing Revenge Porn,” *Wake Forest Law Review* 45 (2014): 11.

⁹⁹ Lorelai Laird, „Striking back at revenge porn,” *The ABA Journal* 99 nr. 11 (2013): 49-50.

¹⁰⁰ Samantha Bates, „”Stripped”: An Analysis of Revenge Porn Victims’ Lives after Victimization“ (doktorsritgerð, Simon Fraser University, 2015): 8-9.

¹⁰¹ Mary Anne Franks, „Drafting an Effective ‘Revenge Porn’ Law: A Guide for Legislators,” *Social Science Research* (2015): 5-6.

¹⁰² Sama heimild, 7-8.

kynferðisofbeldi væri ekki til ef ekki væru í samfélaginu fyrirfram ákveðnar hugmyndir um konur og hvernig þær eigi að haga sér kynferðislega.¹⁰³ Þá segir hún að verstu viðbrögð sem þolendur stafræns kynferðisofbeldis reka sig á séu ekki eingöngu frá nafnlausu fólki á internetinu heldur fólki sem segir „Við hverju bjóstu? Þetta er það sem karlmenn gera.“¹⁰⁴

Í september 2015 lagði Björt Ólafsdóttir, þingkona Bjartrar framtíðar, fram frumvarp til laga á Alþingi. Frumvarpið leggur til breytingu á hegningarlögum nr. 19/1940. Lagt er til að undir 210.gr. laganna um bann við klámi bætist við ákvæði um bann við hefndarklámi. Þegar þessi ritgerð er skrifuð situr málið í nefnd eftir fyrstu umræðu. Kvenréttindafélag Íslands var meðal þeirra sem veitti umsögn um frumvarpið og benti á að bæta ætti ákvæðunum frekar við þá grein hegningarlaga sem tekur á kynferðislegu áreiti.¹⁰⁵

Stafrænt kynferðisofbeldi á sér stað í samfélagi þar sem er viðvarandi refsileysi fyrir kynferðisafbrot og annað kynbundið ofbeldi. Vanræksla við beitingu laga og lagaferla er áberandi. Stafrænt kynferðisofbeldi fylgir þeim hluta sem lætur undir höfuð leggjast að taka á afbrotum um leið og þeir eiga sér stað, sem veldur því að fólk heldur að auðvelt sé að komast upp með slíka glæpi. Í samfélagi þar sem refsileysi er viðvarandi missir lagakerfið trúverðugleika sem stofnun sem getur tekið á kynbundnu ofbeldi. Karllæg slagsíða ýtir enn frekar undir þessar hugmyndir sem og lítill vilji yfirvalda til að takast á við kynbundið ofbeldi.¹⁰⁶ Auk þess fylgir ákærum varðandi stafrænt kynferðisofbeldi oft athygli sem þolendum finnst ekki endilega æskileg, myndir komast aftur í dreifingu og oft bregðast gerendur við með því að setja myndirnar á aðrar vefsíður.¹⁰⁷

¹⁰³ Lorelai Laird, „Striking back at revenge porn,“ *The ABA Journal* 99 nr. 11 (2013): 47.

¹⁰⁴ Lorelai Laird, „Striking back at revenge porn,“ *The ABA Journal* 99 nr. 11 (2013): 48.

¹⁰⁵ Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, 10. febrúar 2016. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*, <http://www.althingi.is/altext/erindi/145/145-810.pdf> (sótt 2. apríl 2016).

¹⁰⁶ End Violence: Women's rights and safety online project, „From impunity to justice: Domestic legal remedies for cases of technology-related violence against women,“ (Holland: APC, 2015), 15.

¹⁰⁷ Lorelai Laird, „Striking back at revenge porn,“ *The ABA Journal* 99 nr. 11 (2013): 49.

4 Internetið, internetfrelsi og internetsjálfi

Internetið getur verið heillandi á ýmsan hátt. Til dæmis er frelsið sem internetinu fylgir heillandi fyrir einstaklinga sem hafa orðið undir í lífinu einhverra hluta vegna, hvort sem það er vegna kyns, félagslegrar stöðu, kynþáttar, kynhneigðar, útlits eða annars. Internetið veitir ákveðið frelsi frá raunsjálfinu. Þar þarf maður aldrei að gefa upp réttar upplýsingar um þessa hluti nema maður vilji það. Þannig getur fólk forðast eða sleppt frá sér þeim eiginleikum sem hafa hamlað þeim í raunheiminum. Einstaklingar geta einfaldlega búið sér til internetsjálfi.¹⁰⁸ Það gefur því auga leið að internetið sé heillandi vettvangur fyrir konur, þar sem þar ættu þær að vera lausar undan áreiti daglegs lífs og hafa meira frelsi til að vera þær sjálfar, auk þess sem internetið er vettvangur þar sem allir geta tjáð sig og tekið sér pláss. Hins vegar verða konur fyrir gríðarlegu áreiti á netinu.¹⁰⁹

Áreiti í garð kvenna á netinu hefur valdið því að konur loki samfélagsmiðlasíðum, taki síður þátt í pólitískri umræðu á internetinu og notfæri sér ekki tækifæri sem felast í netpersónum þeirra. Konur hafa skipt um starf, flutt milli borga, hætt í skóla, fengið taugaáföll, dregið sig algjörlega í hlé frá félagslífi og jafnvel framið sjálfsvíg vegna áreitni frá ókunnugu fólki á netinu. Áreitið sem þær verða fyrir getur verið bæði ofbeldisfullt og klámfengið og kemur að langmestu leyti frá notendum sem segjast vera karlkyns, þó fæstir komi fram undir nafni.¹¹⁰ Mörg dæmi eru um að persónuupplýsingum kvenna sé dreift, brotist sé inn á samfélagsmiðla þeirra og særandi skilaboð send í þeirra nafni til ástvina. Gerðir hafa verið aðgangar á samfélagsmiðlum í nafni kvenna þeim að þeim óafvitandi þar sem persónuupplýsingar þeirra eru birtar og jafnvel hafa boð um kynlíf verið send í nafni þeirra og ókunnugir menn birst á dyraprepum þeirra, hafandi ætlað að þiggja boðið.¹¹¹ Það hefur gríðarleg áhrif á einstaklinga ef þeir hafa ekki stjórn á sínu internetsjálfi, ef ímynd viðkomandi er ákveðin af öðrum og einstaklingur er ekki samþykkuður því. Sérstaklega ef um er að ræða grafískar myndir eða persónulegar upplýsingar sem gæti verið erfitt og jafnvel ómögulegt að eyða af internetinu.¹¹²

Kynbundið ofbeldi á netinu einskorðast hins vegar ekki við konurnar sjálfar. Nicole Catsouras dó þann 31. október 2006 í bílslysi þar sem hún keyrði á tollbás á hraðbraut á 160 kílómetra

¹⁰⁸ Mary Anne Franks, „Unwilling Avatars: Idealism and Discrimination in Cyberspace,“ *Columbia Journal of Gender and Law* 20 (2011): 237-238.

¹⁰⁹ Sama heimild, 228.

¹¹⁰ Sama heimild, 229.

¹¹¹ Sama heimild, 239

¹¹² Mary Anne Franks, „Unwilling Avatars: Idealism and Discrimination in Cyberspace,“ *Columbia Journal of Gender and Law* 20 (2011): 238.

hraða. Slysíð átti sér stað eftir rifrildi Nicole við föður sinn. Myndir af slysinu og líki Nicole voru birtar á netinu og í kjölfarið fóru þær að birtast á spjallþráðum og ýmsum vefsíðum tileinkuðum mismunandi kynlífsórum. Meðal annars var þar til umræðu að Nicole hefði „átt skilið“ að deyja á þennan hátt vegna þess að hún hafi viljað jafnrétti. Einnig var gerður falskur aðgangur nafni Nicole á MySpace, þar sem myndir af líki hennar voru notaðar. Heimilisfang fjölskyldu hennar var sett á síðuna og fólk var beinlínis hvatt til að áreita þau. Fjölskyldan leitaði á náðir eigenda MySpace, sem sagðist ekkert geta gert þar sem ábyrgðarmaður prófilsins hafi neitað að fjarlægja myndirnar og bar fyrir sig rétt sinn til að tjá sig. Fjölskylda Catsouras bjó til myndband til minningar Nicole og setti inn á YouTube í þeirri von um að fólk myndi sjá að þau væru fjölskylda í sorgarferli og að áreitinu myndi linna. Athugasemdir við myndbandið voru svæsnar og meðal annars sagði fólk að Nicole hefði verið „kunta“ sem hafi „fengið það sem hún átti skilið.“¹¹³ Til eru heimasíður sem hafa þann eina tilgang að dreifa slúðri og gera lítið úr fólki. Orðræða á slíkum síðum beinist að miklu leyti að konum, jafnvel þó þær sjálfar taki ekki þátt í umræðunni. Athugasemdakerfi fréttamiðla og myndbandasíðna eru einnig stútfull af kvenfyrirlitningu og klámfengnum athugasemdum í garð einstakra kvenna.¹¹⁴ *The Guardian* gerði rannsókn á netofbeldi gegn pistlahöfundum sínum. Af þeim 10 sem urðu fyrir mestu áreiti voru 8 þeirra konur. Einnig kom í ljós að stigsmunur var á ofbeldinu. Karlmennirnir fengu frekar skilaboð eins og: „Ég ætla að sjá til þess að þú verðir rekinn.“ Konurnar fengu: „Ég ætla að nauðga þér og sjá til þess að þú verðir rekin.“¹¹⁵

Umræða um internetið og lögbrot á internetinu á það til að enda í þversögn. Annars vegar er lítið á netheima sem ofurraunverulegt rými, það er að segja að vegna þess hve mikil áhrif er hægt að hafa á eigin ímynd á netinu þá sé sú ímynd raunverulegri en í raunheimum. Hins vegar er lítið á það sem gert er í netheimum sem óraunverulegt þar sem ekki er hægt að valda raunverulegum líkamlegum sakaða. Til að mynda er oft notast við rökin að netheimar séu raunverulegir og þess vegna gildi tjáningarfrelsi þar og það skuli tekið alvarlega. Á hinn bóginn er oft sagt að áreiti í netheimum sé ekki raunverulegt og það þurfi því ekki að taka það alvarlega.¹¹⁶

¹¹³ Mary Anne Franks, „Unwilling Avatars: Idealism and Discrimination in Cyberspace,“ *Columbia Journal of Gender and Law* 20 (2011): 242-243.

¹¹⁴ Sama heimild, 245.

¹¹⁵ Jon Ronson, „Monica Lewinsky: ‘The shame sticks to you like tar’“ *The Guardian*, 22. apríl 2016. <https://www.theguardian.com/technology/2016/apr/16/monica-lewinsky-shame-sticks-like-tar-jon-ronson> sótt 22. apríl 2016

¹¹⁶ Mary Anne Franks, „Unwilling Avatars: Idealism and Discrimination in Cyberspace,“ *Columbia Journal of Gender and Law* 20 (2011): 226.

4.1 Reddit og Ellen Pao

Netsvæðið Reddit er gríðarlega vinsælt meðal ungs fólks. Reddit er notendastýrður vettvangur þar sem hver sem er getur deilt hugmyndum sínum og notendur kjósa um hvaða hugmyndir og skoðanir eru merkilegar. Því vinsælli sem hugmyndin er því ofar birtist hún á síðunni. Undirsíður Reddit eru býsna margar og lengi hefur þar ríkt algert tjáningarfrelsi. Meðal annars hafa þar sprottið upp síður sem tileinkaðar eru dreifingu stafræns kynferðisofbeldis. Árið 2015 skapaðist umræða um mörk málfrelsis á Reddit og þann 10. mars 2015 tók gildi fyrsta friðhelgisstefna síðunnar varðandi stafrænt kynferðisofbeldi. Þolendur stafræns kynferðisofbeldis geta nú tilkynnt myndefni sem sett hefur verið á undirsíður Reddit og stjórnendur síðunnar fjarlægja myndefnið eins fljótt og hægt er.¹¹⁷ Reddit kynnti einnig í maí 2015 nýja stefnu til að takast á við áreitni og einelti á síðunni.¹¹⁸ Ellen Pao var framkvæmdastjóri Reddit þegar breytingarnar voru gerðar en hrökklaðist úr starfi vegna gríðarlegra persónuárása á síðunni. Samkvæmt Pao er þraut að samtvinna tjáningarfrelsi og friðhelgi einkalífsins á opnum vettvangi líkt og Reddit en hún telur að það sé orðið erfiðara nú en áður og að „tröllin“ séu að vinna.¹¹⁹ Fólk hafi haft barnalegar væntingar gagnvart internetinu í fyrstu og með því að einblína á hin gríðarlegu tækifæri á sviði upplýsingasöfnunar og samskipta hafi gleymst að gera ráð fyrir því hvernig fólk gæti notað internetið til að skaða aðra.¹²⁰

4.2 „Er einhver til?“ og aðrar sögur

Frægasta dæmið um vefsíðu tileinkaða dreifingu stafræns kynferðisofbeldi er líklega IsAnyoneUp.com. Síðan var stofnuð árið 2010 af manni að nafni Hunter Moore. Notendur gátu sent inn klámfengið efni til Moore án þess að koma fram undir nafni. Innan 13 mánaða var síðan heimsótt yfir 300.000 sinnum á hverjum degi, samkvæmt Moore. Síðan naut gífurlegra vinsælda og Moore sagðist reyna eftir bestu getu að staðfesta aldur þolenda á myndefninu með Facebook eða Google leitum. Oft birtust athugasemdir Moore sjálfs varðandi efnið samhliða því. Moore kom fram í mörgum sjónvarps- og útvarpsviðtölum þar sem hann varði vefsíðuna og kallaði sig „konung hefndarklámsins.“¹²¹ Að lokum komust einstaklingar að því að myndir

¹¹⁷ Reddit, „Reddit, Inc. Privacy Policy,“

https://www.reddit.com/help/privacypolicy#section_involuntary_pornography (sótt 15. apríl 2016)

¹¹⁸ Blog.redd.it, „Promote ideas, protect people,“ 14. maí 2015. <http://www.redditblog.com/2015/05/promote-ideas-protect-people.html> (sótt 15. apríl 2016)

¹¹⁹ Tröll er íslenskun á hugtakinu „troll sem er í daglegu talið notað yfir einstaklinga sem leitast eftir að valda usla, rífrildum eða óþægindum á netinu og koma sjaldan fram undir nafni.

¹²⁰ Ellen Pao, „Former Reddit CEO Ellen Pao: The trolls are winning the battle for the internet,“ *The Washington Post*, 16. júlí 2015, https://www.washingtonpost.com/opinions/we-cannot-let-the-internet-trolls-win/2015/07/16/91b1a2d2-2b17-11e5-bd33-395c05608059_story.html (sótt 15. apríl 2016).

¹²¹ Samantha H. Scheller, „Picture Is Worth a Thousand Words: The Legal Implications of Revenge Porn,“ *North Carolina Law Review* 93 nr.2 (2014-2015): 560-563

af þeim væru á síðunni og bakslagið byrjaði fyrir Moore. Í apríl 2012 var síðunni svo lokað.¹²² Í janúar 2014 var Moore handtekinn fyrir að setja nektarmyndir á síðuna sem hann hafði stolið úr tölvupósti annarra. Hluti af refsingu Moore var að hann mætti ekki nota internetið.¹²³

Þó að Hunter Moore þurfi að láta internetið í friði hafa fleiri sprottið upp í hans stað. Kevin Christopher Bollaert var handtekinn og ákærður fyrir hlut sinn í að búa til síðuna ugotposted.com. Síðan er ekki lengur starfrækt en þegar hún var það rukkaði Bollaert þolendur um 250-350 dollara, eða um 35-50.000 krónur, fyrir að fá myndir fjarlægðar í gegnum aðra vefsíðu - changemyreputation.com. Bollaert krafðist þess einnig að persónuupplýsingar fylgdu með efninu.¹²⁴ MyEx.com auglýsir að fólk geti „hefnt sín“ og leyfir fólki að setja inn nafnlaust efni með persónuupplýsingum þolenda.¹²⁵ Vinsælar klámsíður líkt og YouPorn, PornTube og Xvideos leyfa notendum að að setja inn eigið heimagert efni.¹²⁶ Til að gefa einhverja hugmynd um umfang þessara klámsíða má nefna að Xvideos er 49. vinsælasta vefsíða heims.¹²⁷ Notendaskilmálar einhverra slíkra síðna taka fram að allir aðilar þurfi að vera samþykkir birtingu myndefnis, en þeir innihalda líka klausur sem tryggja að ábyrgðaraðilar síðunnar séu ekki skaðabótaskyldir.¹²⁸ Í viðtölum við fjölmiðla hafa stjórnendur vefsíða eins og IsAnyoneUp og UGotPosted borið fyrir sig tjáningarfrelsi og kennt þolendum um fyrir að hafa komið sér í aðstæðurnar með því að taka myndirnar.¹²⁹ Stjórnendurnir eru oftast ungir karlmenn.¹³⁰

¹²² Kashmir Hill „IsAnyoneUp Is Now Permanently Down,“ *Forbes*, 19. apríl 2012, <http://www.forbes.com/sites/kashmirhill/2012/04/19/isanyoneup-is-now-permanently-down/#3aef51474c8b> (sótt 14. apríl 2016.)

¹²³ Samantha H. Scheller, „Picture Is Worth a Thousand Words: The Legal Implications of Revenge Porn,“ *North Carolina Law Review* 93 nr.2 (2014-2015): 562-563.

¹²⁴ Taylor Linkous, „It’s Time for Revenge Porn to Get a Taste of It’s Own Medicine: An Argument for the Criminalization of Revenge Porn,“ *Richmond Journal of Law and Technology* 20 (2014): 15-16

¹²⁵ Samantha H. Scheller, „Picture Is Worth a Thousand Words: The Legal Implications of Revenge Porn,“ *North Carolina Law Review* 93 nr.2 (2014-2015): 563.

¹²⁶ Rachel Budde, „Taking the Sting out of Revenge Porn: Using Criminal Statutes to Safeguard Sexual Autonomy in the Digital Age,“ *Georgetown Journal of Gender and Law* 16 (2014): 408

¹²⁷ <http://www.alexa.com/topsites/global:1>

Rachel Budde, „Taking the Sting out of Revenge Porn: Using Criminal Statutes to Safeguard Sexual Autonomy in the Digital Age,“ *Georgetown Journal of Gender and Law* 16 (2014): 408.

¹²⁹ Lorelai Laird, „Striking back at revenge porn,“ *The ABA Journal* 99 nr. 11 (2013): 47-48.

¹³⁰ Sama heimild, 47.

5 Hvað er til ráða?

Viðbrögð samfélagsins við *stafrænu kynferðisofbeldi* eru úrelt og kynjuð. Þegar efnið er sett í lagalegt samhengi er nánast alltaf talað um unglingsstúlkur sem koma sjálfum sér í áhættu og að þar liggi rót vandans.¹³¹ Rót vandans liggur hins vegar í dreifingu myndanna. Nektarmyndir eða kynferðisleg myndbönd sem þör deila sín á milli og komast aldrei í dreifingu valda engum skaða. Skaðinn liggur í dreifingunni.¹³² Mikilvægt er að í allri umræðu og fræðslu um stafrænt kynferðisofbeldi sé ábyrgðin alltaf gerandans, og aldrei þolandans.

Ljóst er að ýmsu þarf að breyta til að uppræta stafrænt kynferðisofbeldi. Broadband nefnd Sameinuðu þjóðanna leggur til þrjá meginhluti sem þarf að framkvæma til að sporna við stafrænu kynferðisofbeldi; Í fyrsta lagi forvarnir og vitundarvakningu um málefnið. Í öðru lagi telur nefndin að tryggja þurfi að netið sé öruggt svæði fyrir konur og í þriðja lagi að setja þurfi lög og reglugerðir til að koma í veg fyrir stafrænt ofbeldi.¹³³ Forvarnir geta gegnt lykilhlutverki í baráttunni gegn stafrænu kynferðisofbeldi en þá er mikilvægt að fræðslan sé uppbyggileg og að stefnt sé að því að fræða samfélagið í heild, til að forðast druslusmánun og þolendastimplun. Einnig er mikilvægt að ræða um samþykki. Ekki er nóg að segja að það sé óskynsamlegt að taka af sér kynferðislegar myndir. Í raun tel ég að það geti orðið skaðlegt. Það ýtir eingöngu undir þá hugmynd að nekt sé eitthvað til að skammast sín fyrir eða að kynhegðun stúlkna sé óæskileg, sem ýtir þá enn frekar undir druslusmánun. Samþykki er grunnskilyrði kynlífs. Bæði er mikilvægt að fólk sé samþykkt myndbirtingum sem og að sá sem fær myndina senda vilji það. Að senda af sér nektarmynd til einhvers sem ekki vill fá hana senda er kynferðisleg áreitni. Ef að forvarnarstarfið á að einblína á myndatökurnar sjálfar er ekki síður mikilvægt að tala jafnt við stúlkur og stráka, vegna þess að bæði kynin stunda slíkar myndasendingar jafnmikið þótt afleiðingarnar séu ekki jafnalvarlegar fyrir strákana. Mikilvægt er að brýnt sé fyrir fólki að því fylgi ábyrgð að fá nektarmynd eða kynferðislegt efni sent og að hverskonar áframsending þess án samþykkis myndefnisins sé ofbeldi. Þá er jafnframt ofbeldi að skoða slíkt myndefni án samþykkis.

Mikilvægt er að lögregluþjóföld hljóti þjálfun og fjármuni til að takast á við stafrænt kynferðisofbeldi og fylgi málum eftir. Mjög algengt er að lögregluþjóföld líti ekki á stafrænt

¹³¹ Jessica Ringrose, Laura Harvey, Rosalind Gill og Sonia Livingstone. „Teen girls, sexual double standards and ‘sexting’: Gendered value in digital image exchange.“ *Feminist Theory* 14 (2013): 307.

¹³² Bates, Samantha. „Stripped”: An Analysis of Revenge Porn Victims’ Lives after Victimization.“ (Doktorsritgerð, Simon Fraser University, 201): 10.

¹³³ UN Broadband commission, „Cyber violence against women and girls: a world-wide wake-up call,” 2015.

ofbeldi sem málaflökk sem þeim ber að sinna.¹³⁴ Yfirvöld eru ólíkleg til aðgerða gegn ofbeldi ef þau hafa ekki fullan skilning á skaðanum sem fylgir því.¹³⁵ Til dæmis voru lögregluþyrirvöld eitt sinn treg til að aðgerða í ofsóknarmálum en nú eru slík mál tekin alvarlega.¹³⁶

Mikilvægt er að opna augu komandi kynslóða netnotenda, bæði stúlkna og drengja. Í fyrsta lagi að sett séu í gang forvarnarverkefni til að gera almenning næmari og meðvitaðri um hvað stafrænt kynferðisofbeldi er og hvar ábyrgðin liggur. Þá þarf að gera allt sem hægt er að gera til að leiðrétta samfélagsleg og menningarleg hegðunarmynstur karla og kvenna til að útrýma fordómum og öllum öðrum gjörðum sem byggja á hugmyndinni um yfirburði einhvers kyns eða stöðluðum hugmyndum um kynin.¹³⁷ Almenningur veit almennt lítið um stafrænt kynferðisofbeldi og er þarafleiðandi líklegur til að afskrifa málefnið. Broadband nefnd Sameinuðu þjóðanna telur að einblína þurfi á forvarnarstarf og vitundarvakningu um ofbeldi gegn konum almennt þar sem að fyrirbyggjandi forvarnarstarf um ofbeldi hefur skilað árangri.¹³⁸ Þá nefnir nefndin sérstaklega að ef að útrýma eigi stafrænu ofbeldi þurfi að taka sérstaklega á þolendastimplun.¹³⁹ Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um stafrænt kynferðisofbeldi er að ræða vegna þess að kynferðislega hlutgerðar konur eru afmennskaðar og síður er lítið á þær sem heildstæðar manneskjur.

Lagasetning og glæpavæðing stafræns kynferðisofbeldis er nauðsynleg til að viðurkenna að ofbeldið er raunverulegt og að slíkt sé fordæmt í samfélaginu.¹⁴⁰ Þó er mikilvægt að hafa í huga að lagasetning leysir ekki allan vandann. Kynbundið launamisrétti er til dæmis ólöglegt á Íslandi samkvæmt lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Samt sem áður er kynbundinn launamunur viðvarandi vandamál á Íslandi. Árið 2014 var óleiðréttur launamunur kynjanna 18,3%.¹⁴¹ Kynferðisofbeldi er einnig ólöglegt á Íslandi samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940, en samt sem áður er það viðvarandi vandamál í íslensku samfélagi. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um nýtt ákvæði um bann við hefndarklámi. Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæðin bætist við 210. gr. hegningarlaga sem snýr að klámi, en ekki kynferðisofbeldi. Mikilvægt er að fjallað sé rétt um þennan málaflökk.

¹³⁴ UN Broadband commission, „Cyber violence against women and girls: a world-wide wake-up call,“ 2015.

¹³⁵ Mary Anne Franks, „Criminalizing Revenge Porn,“ *Wake Forest Law Review* 45 (2014): 3.

¹³⁶ Lorelai Laird, „Striking back at revenge porn,“ *The ABA Journal* 99 nr. 11 (2013): 48.

¹³⁷ UN Broadband commission, „Cyber violence against women and girls: a world-wide wake-up call,“ 2015.

¹³⁸ UN Broadband commission, „Cyber violence against women and girls: a world-wide wake-up call,“ 2015.

¹³⁹ Sama heimild.

¹⁴⁰ Mary Anne Franks, „Criminalizing Revenge Porn,“ *Wake Forest Law Review* 45 (2014): 3.

¹⁴¹ Atli Ísleifsson, „Launamunur kynjanna 18,3% á síðasta ári,“ *Vísir*, 18. maí 2016.

<http://www.visir.is/launamunur-kynjanna-18,3-prosent-a-sidasta-ari/article/2015150519156> (sótt 2. apríl 2016).

Stafrænt kynferðisofbeldi tilheyrir sama flokki glæpa og nauðgun, heimilisofbeldi og kynferðislegt áreiti. Allir þessir glæpir brjóta lagalegar og félagslegar samþykktir um jafnrétti. Þeir neita konum og stúlkum um vald yfir eigin líkama og geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir þolendur.¹⁴² Ýmsir fræðimenn skilgreina klám sé ofbeldi.¹⁴³ Jafnframt er það ólöglegt samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940. Klám er hins vegar orðið mjög útbreitt og meirihluti ungs fólks hefur horft á klám eða horfir á klám reglulega.¹⁴⁴ Það er því ekki skrítið að ungt fólk setji klám ekki undir sama ofbeldishatt og til dæmis vændi.

Heimurinn er þó ekki alsælur og alltaf eru að koma fram nýjar hugmyndir til að sporna við dreifingu stafræns kynferðisofbeldis. Leitarvél Google er mest notaða vefsíða og leitarvél í heimi. Google hefur nú brugðið á það ráð að bjóða þolendum stafræns kynferðisofbeldis að fjarlægja niðurstöður sem koma upp þegar leitað er að nafninu þeirra í leitarvélinni. Google getur ekki fjarlægt vefsíðurnar sjálfar en þolendur eiga kost á að fjarlægja allar niðurstöður sem innihalda myndefnið af Google. Skilyrði Google fyrir fjarlægingu niðurstaða er að þólandi sé nakinn eða myndefnið sýni kynferðislegt athæfi, að myndefnið hafi verið ætlað til einkaeignar og þólandi hafi ekki samþykkt birtingu myndanna.¹⁴⁵ Þetta og svipaðar lausnir sem leitast er við að innleiða eru lítil en mikilvæg skref í áttina að gera internetið að öruggu umhverfi fyrir öll kyn.

¹⁴² Mary Anne Franks, „Criminalizing Revenge Porn,“ *Wake Forest Law Review* 45 (2014): 5.

¹⁴³ Ingólfur Ásgeir Jóhannsson, *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*, (Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við háskóla Íslands, 2004), 64.

¹⁴⁴ Ástrós Erla Benediktsdóttir, „Kynhegðun, kynheilbrigði og klámahorf framhaldsskólanema,“ (Meistararitgerð, Háskóli Íslands, 2016): 59.

¹⁴⁵ Google, „Remove “revenge porn” from Google,“ <https://support.google.com/websearch/answer/6302812?hl=en> (sótt 10. apríl 2016).

6 Umræður

Samfélagið hefur í gegnum tíðina ekki staðið sig vel í að taka á vandamálum kvenna og stúlkna. Þó að jafnrétti aukist í sífellu er meirihluti félagslegs, lagalegs og pólitísku valds enn í höndum karla. Baráttan við að fá heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi og kynferðislega áreitni viðurkennda sem alvöru ógn hefur verið löng og ströng og er enn í dag tilhneiging til að gera lítið úr henni. Þar sem stafrænt kynferðisofbeldi hefur meiri áhrif og afleiðingar fyrir stúlkur en drengi er því miður fyrirsjáanlegt að samfélagið geri lítið úr vandanum.¹⁴⁶ Á sama tíma og samfélagsmiðlar og internetið geta verið valdeflandi fyrir stúlkur og konur til að taka sér pláss þurfa þær að takast á við samfélagsleg viðmið um hið opinbera og hið persónulega sem normalíserar þátttöku karla á meðan stúlkur og konur sem eru áberandi á netinu verða frekar fyrir gagnrýni. Niðrandi tilvísanir í vændi og klám eru viðloðandi umræður um *sexting*. Umræðan er mjög kynjuð og siðferðisskortur er tengdur við konur sem hafa tekið af sér nektarmyndir, en ekki karlmenn.¹⁴⁷

Í umræðu um *sexting* myndast ákveðin þversögn. Umræðan er oft kynjuð og einblínir á ungar stúlkur sem hafa kyngert sjálfar sig, eru einhverskonar fórnarlömb klámvæðingar og að það þurfi að bjarga þeim frá sjálfum sér.¹⁴⁸ Þannig umræða hunsar þá staðreynd að *sexting* er orðið inngróíð kynhegðun ungs fólks. Það er erfitt að hafa áhrif á þá þróun þar sem hún hefur nú þegar átt sér stað, en hins vegar er hægt að bregðast við afleiðingum *sexting*, og hvað sé rétt meðhöndlun á kynferðislegu efni sem maður fær sent.

Þegar því er haldið fram að ekki sé hægt að reglusetja netheima vegna þess að það skerði frelsi fólks er gjörsamlega litið framhjá því að netheimar eru ekki frelsandi eða öruggt rými fyrir allt fólk. Mikilvægt er að hafa í huga að í netheimum getur fólk í valdastöðu kúgað, hótað og áreitt hópa sem ekki hafa jafnmikið vald, alveg eins og í raunheimum.¹⁴⁹ Ráðandi karlmennska og valdabarátta hverfur ekki þó að komið sé yfir í netheima. Ef konum finnst þær ekki vera öruggar til að tjá sig eða vera virkir notendur internetsins er ekki hægt að halda því fram að internetið sýni tjáningarfrelsið í sinni hreinustu mynd, eins og margir halda fram.

¹⁴⁶ Mary Anne Franks, „Criminalizing Revenge Porn,“ *Wake Forest Law Review* 45 (2014): 2.

¹⁴⁷ privates in the online public bls 14.

¹⁴⁸ Jessica Ringrose og Laura Harvey, „Boobs, back-off, six packs and bits: Mediated body parts, gendered reward, and sexual shame in teens' sexting images,“ *Continuum* 29, nr 2 (2015): 205.

¹⁴⁹ Mary Anne Franks, „Unwilling Avatars: Idealism and Discrimination in Cyberspace,“ *Columbia Journal of Gender and Law* 20 (2011): 229.

Þó að kynin séu jafn líkleg til að taka og senda af sér nektarmyndir til annars fólks er líklegra að myndir af konum fái dreifingu og hafi alvarlegar afleiðingar fyrir þær. Hugmyndir um kynjahlutverk hjálpa okkur að skilja hvers vegna – konur eru druslusmánaðar fyrir slíka kynhegðun á meðan kynhegðun karla er eitthvað sem þeir geta verið stoltir af.¹⁵⁰ Ef allar þær kynferðislegu myndir sem karlmenn hafa sent konum óumbeðnir hefðu fengið dreifingu á netinu væri eflaust ekki þörf á að skrifa þessa ritgerð í dag.

Stærsti misskilningurinn varðandi stafrænt kynferðisofbeldi er eflaust að um einhverskonar nýja tegund kynferðisofbeldis sé að ræða sem einungis afmarkaður hluti kvenna verður fyrir. Svo er ekki. Stafrænt kynferðisofbeldi er eingöngu enn ein birtingarmynd kynferðisofbeldis og er einfaldlega birtingarmynd kynbundins ofbeldis, druslusmánunar og þolendastimplunar á netinu. Þar sem fólk hefur aðgang að netinu, þar er framið stafrænt kynferðisofbeldi. Það gefur því auga leið að stafrænt kynferðisofbeldi er ekki hægt að flokka sem persónulega erfiðleika einstakra þolenda, heldur er um kerfisbundið samfélagsvandamál að ræða, og því ætti málaflókkurinn að vera ofarlega á baugi stjórnvalda.

¹⁵⁰ Mary Anne Franks, „Criminalizing Revenge Porn,“ *Wake Forest Law Review* 45 (2014): 5.

7 Lokaorð

Í þessari ritgerð hefur verið sýnt fram á að stafrænt kynferðisofbeldi er raunverulegt samfélagsmein. Það hefur áhrif á fleiri konur en fólk gerir sér almennt grein fyrir og er einungis ný birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Samt sem áður virðist stafrænt kynferðisofbeldi ekki ná athygli stjórnvalda og lítið sem ekkert er gert til að takast á við það. Stafrænt kynferðisofbeldi hefur gríðarlegar afleiðingar, bæri fyrir þolendur sem og samfélagið í heild, þar sem afköst þolenda minnka og þörf á lagaaðstoð, félagslegri aðstoð og jafnvel fjárhagslegri aðstoð eykst. Stafrænu ofbeldi fylgir druslusmánun og þolendastimplun sem gerir þolendum erfiðara fyrir að vinna úr ofbeldinu og leita réttar síns. Ljóst er að stafrænt kynferðisofbeldi er ekki hægt að afskrifa sem persónulega erfiðleika einstaklinga heldur er um kerfisbundið vandamál að ræða.

Umræða um *sexting* og fræðilegur texti sem til er um stafrænt kynferðisofbeldi á það til að vera mjög kynjaður. Oftar er rætt um hlut kvenna þó að kynin taki jafnan þátt í að taka og senda nektarmyndir og kynferðislegt efni. Þá eru druslusmánun og þolendastimplun viðloðandi umræðu um stafrænt kynferðisofbeldi og hefur það áhrif á þolendur og gerendur. Þolendur eru gerðir siðferðislega ábyrgir fyrir ofbeldi sem þeir þola og oft veldur hlutgerving því að samfélagið á erfiðara með að sýna þolendum stafræns ofbeldis samúð.

Mikilvægt er að stjórnvöld seti skýra stefnu varðandi stafrænt ofbeldi á netinu, hvort sem það er kynferðislegt eða ekki.

8 Heimildaskrá

- Armstrong, Elizabeth A., Laura T. Hamilton, Elizabeth M. Armstrong og J. Lotus Seely. „'Good Girls': Gender, Social Class and Slut Discourse on Campus,“ *Social Psychology Quarterly* 77 (2014): 100-122.
- Ástrós Erla Benediktsdóttir, „Kynhegðun, kynheilbrigði og klámáhorf framhaldsskólanema,“ Meistararitgerð, Háskóli Íslands, 2016.
- Bates, Samantha. „'Stripped': An Analysis of Revenge Porn Victims' Lives after Victimization.“ Doktorsritgerð, Simon Fraser University, 2015.
- Baumaster, Roy F. og Tweng, Jean M. „Cultural Suppression of Female Sexuality.“ *Review of General Psychology* 6 nr 2 (2002):166-203.
- BBC, „Celebgate hack: Man to plead guilty to nude photos theft.“ 15. mars 2016. <http://www.bbc.co.uk/news/technology-35817814> Sótt 16. mars 2016.
- Budde, Rachel. „Taking the Sting out of Revenge Porn: Using Criminal Statutes to Safeguard Sexual Autonomy in the Digital Age.“ *Georgetown Journal of Gender and Law* 16 (2014): 408-443.
- Capacent Gallup. *Heimili og skóli: SAFT könnun á netnotkun barna og unglunga*. Reykjavík: Capacent Gallup, 2013.
- Connell, R.W. *Masculinities*, 2. útgáfa. Cambridge: Polity Press, 1995.
- End Violence: Women's rights and safety online project. „From impunity to justice: Domestic legal remedies for cases of technology-related violence against women.“ Holland: APC, 2015.
- Fiss, Owen M. „What is Feminism?“ *Yale Law School Faculty Scholarship Series* (1994): 413- 428.
- Franks, Mary Anne. „Criminalizing Revenge Porn.“ *Wake Forest Law Review* 45 (2014).
- Franks, Mary Anne. „Drafting an Effective 'Revenge Porn' Law: A Guide for Legislators,“ *Social Science Research* (2015): 1-14.
- Franks, Mary Anne. „Unwilling Avatars: Idealism and Discrimination in Cyberspace,“ *Columbia Journal of Gender and Law* 20 (2011): 224-261.
- Google, „Remove “revenge porn” from Google,“ <https://support.google.com/websearch/answer/6302812?hl=en> (sótt 10. apríl 2016).

- Harber Kent D. og Peter Podolski. „Emotional Disclosure and Victim Blaming. *Emotion* 15 (2015): 603-614.
- Householder, April Kalogeropoulos. „Girls, Grrrls, Girls“ í *Feminist Theory and Pop Culture*. Ritstjóri Adrienne Trier-Bieniek, 19-35. Rotterdam: Sense Publishers, 2015.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannsson. *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum við háskóla Íslands, 2004
- Jozkowski, Kristen N. og Zoë D. Peterson. „College Students and Sexual Consent: Unique Insights.“ *Journal of Sex Research* 50 nr.6 (2013): 517-523.
- Karen Dögg Bryndísar- og Karlsdóttir. „Druslustimplun: „Þetta er ekki manneskja fyrir þér, þetta er bara netið.““ Meistararitgerð, Háskóli Íslands, 2015.
- Kingdon, John W. *Agendas, Alternatives, and Public Policies*. 2. útg. Pearson Education Limited, 2014.
- Laird, Lorelai. „Striking back at revenge porn.“ *The ABA Journal* 99 nr.11 (2013): 45-52.
- Laville, Sandra. „Online abuse: ‘existing laws too fragmented and don’t serve victims.’“ *The Guardian*, 4. mars 2016 <http://www.theguardian.com/uk-news/2016/mar/04/online-abuse-existing-laws-too-fragmented-and-dont-serve-victims-says-police-chief> (sótt 10. apríl 2016).
- Lenhart, Amanda, Kristan Purcell, Aaron Smith, og Kathryn Zickuhr. „Social Media & Mobile Internet Use among Teens and Young Adults.“ *Pew Internet & American Life Project* (2010).
- Linkous, Taylor. „It’s Time for Revenge Porn to Get a Taste of It’s Own Medicine: An Argument for the Criminalization of Revenge Porn.“ *Richmond Journal of Law and Technology* 20 (2014): 1-39.
- Mitchell, Kimberly J., David Finkelhor, Lisa M. Jones og Janis Wolak. „Prevalence and Characteristics of Youth Sexting: A National Study.“ *Pediatrics* 129 nr. 1 (2011): 13-20.
- Nusca, Andrew. „Why Snapchat is worth \$19 billion (or more).“ *Fortune*, 19. febrúar 2015 <http://fortune.com/2015/02/19/snapchat-worth-19-billion-more/> (sótt 16. mars 2016).
- Páll Sigurðsson (ritstjóri). „Lögfræðiorðabók með skýringum.“ Reykjavík: Bókaútgáfan Codex og Lagastofnun Háskóla Íslands, 2008.
- Prensky, Mark. „Digital Natives, Digital Immigrants Part 1.“ *On the Horizon* 9 (2001):1-6.

- Ringrose, Jessica, og Laura Harvey. „Boobs, back-off, six packs and bits: Mediated body parts, gendered reward, and sexual shame in teens’ sexting images.“ *Continuum* 29, nr 2 (2015): 205-217.
- Ringrose, Jessica, Laura Harvey, Rosalind Gill og Sonia Livingstone. „Teen girls, sexual double standards and ‘sexting’: Gendered value in digital image exchange.“ *Feminist Theory* 14 (2013): 305-323.
- Ronson, Jon. „Monica Lewinsky: ‘The shame sticks to you like tar.’“ *The Guardian*, 22. apríl 2016. <https://www.theguardian.com/technology/2016/apr/16/monica-lewinsky-shame-sticks-like-tar-jon-ronson> (sótt 22. apríl 2016).
- Salter, Michael. „Privates in the online public: Sex(ting) and reputation on social media.“ *New Media and Society* (2015): 1-17.
- Scheller, Samantha H. „Picture Is Worth a Thousand Words: The Legal Implications of Revenge Porn.“ *North Carolina Law Review* 93.2 (2014-2015): 551-595.
- Silja Bára Ómarsdóttir og Steinunn Rögnvaldsdóttir. *Rof: Frásagnir kvenna af fóstureyðingum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2015.
- Stígamót. „Kynferðislegt ofbeldi.“ <http://www.stigamot.is/is/fraedsluefni/kynferdislegt-ofbeldi> (sótt 6. febrúar 2016).
- Sunna Kristín Hilmarsdóttir. „Við erum að gengisfella hefndarklám.“ *Vísir.is*. 26. mars 2015. <http://www.visir.is/-vid-erum-ad-gengisfella-hefndarklam-/article/2015150329212> sótt 10. apríl 2016.
- UN Broadband commission. *Cyber violence against women and girls: a world-wide wake-up call*. UN broadband commission, 2015.
- Vaes, Jeroen, Paola Paladino og Elisa Puvia. „Are sexualized women complete human beings? Why men and women dehumanize sexually objectified women.“ *European Journal of Social Psychology* 41 (2011): 774-785.
- Vigdís Fríða Þorvaldsdóttir. *Stöðvum hrelliklám: Löggjafir og umræða*. Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 2015.
- Weiss, Karen G. „„Boys Will be Boys” and Other Gendered Accounts An Exploration of Victims’ Excuses and Justifications for Unwanted Sexual Contact and Coercion.“ *Violence Against Women* 15, nr 7 (2009): 810-834
- Þorgerður Einarsdóttir. „„Hið vísindalega er pólitískt“: Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga.“ Í *Íslensk félagsfræði: landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson, 209-234. Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2004.

Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjakerfið. Úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli?“ (grein kynnt á ráðstefnu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í október 2006).

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. *Á mannamáli*. Reykjavík: JPV útgáfa, 2009.